



„Ég skíri þig í nafni Guðs föður...“
Hlutverk og þróun skírnar í íslensku samfélagi

Dagmar Bragadóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í þjóðfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

„Ég skíri þig í nafni Guðs föður...“
Hlutverk og þróun skírnar í íslensku samfélagi

Dagmar Bragadóttir
140769-5849

Lokaverkefni til BA gráðu í þjóðfræði
Leiðbeinandi: Terry Gunnell

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Apríl 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í þjóðfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Dagmar Bragadóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Í þessari ritgerð er ætlunin að skoða hlutverk og þróun skírnar í íslensku samfélagi út frá þeirri vígsluathöfn sem hún er en einnig út frá hefð og þjóðtrú. Veraldleg tákni skírnarinnar verða skoðuð eins og skírarkjöllinn, skírnarfonturinn og hið helga vatn sem öll eiga það sameiginlegt að vera ómissandi hluti skírnarathafnar.

Við rannsókn mína hef ég skoðað ýmis rit sem fjalla um vígsluathafnir, spurningaskrár þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands og íslenskar þjóðsögur. Til að meta viðhorf foreldra í dag til ákveðinna þátta skírnarinnar voru tvær kannanir settar inn á veraldarvefinn. Fyrri könnunin fjallaði um hvar fólk lét skíra börn sín en sú síðari hvers vegna fólk lét skíra börn sín.

Ritgerðin skiptist í fjóra meginkafla. Fyrsti kafllinn, „Hvað er skírn“, fjallar um skírn út frá kenningum um vígsluathafnir þar sem einstaklingur fer á milli sviða samfélagsins. Annar kafllinn, „Hinar ýmsu gerðir skírnar“, tekur fyrir skemmri skírn, kirkjuskírn og heimaskírn. Tákni skírnarinnar eru skoðuð í þriðja kafla en sterk hefð er fyrir mörgum táknum skírnarinnar. Í síðasta kaflanum er leitast við að varpa ljósi á hvers vegna foreldrar í dag láta skíra börn sín.

Helstu niðurstöður þessarar rannsóknar eru að skírnarhefðin er mjög sterk í okkar samfélagi, fólk þykir vænt um þessa athöfn og tákngildi hennar. Tilgangur skírnarinnar í hugum foreldra virðist í dag ekki vera bókstaflega að tryggja börnunum vist í himnaríki eða eilífa velferð. Hún er meira í hugum þeirra sem vígsluathöfn inn í kristið samfélag en ekki síst inn í samfélag stórfjölskyldunnar sem sameinast og fagnar fæðingu nýs einstaklings.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	5
I. Inngangur	6
II. Hvað er skírni?	9
II.1 Inngangur að vígsluathöfn	9
II.2 Prímsigning	12
II.3 Skírni til kristni	13
II.4 Að fá að hvíla í vígðri mold	16
III. Hinar ýmsu gerðir skírnar	18
III. 1 Barnaskírni eða fullorðinsskírni	19
III.2 Skemmri skírni, Neyðarskírni	21
III.3 Heimaskírni	23
III.4 Kirkjuskírni	25
III.5 Hvar lést þú skíra barnið þitt?	26
III.6 Skírnarathöfnin	28
IV. Tákn skírnarinnar	29
IV.1 Skírnarkjöllinn	31
IV.2 Tákn litanna	34
IV.3 Skírnarfonturinn og hið vígða vatn	36
IV.4 Veislan	40
V. Hvers vegna að skíra?	41
Niðurlag	45
Heimildir	47
Heimildir af veraldavefnum	48
Óprentaðar heimildir frá Þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands	49
Viðauki 1: Athugasemdir sem skráðar voru við könnun 1	51
Viðauki 2: Athugasemdir sem bárust við könnun 2.	54
Viðauki 3: Staðfesting á samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar	71

I. Inngangur

Foreldrar nýfæddra barna standa frammi fyrir mörgum ákvörðunum sem þeir þurfa að taka fyrir börn sín á meðan þau eru ósjálfráða. Ein þessara ákvarðana er hvort skíra eigi barn þeirra til kristinnar trúar eða ekki. Kristin trú er þjóðtrú okkar Íslendinga og því velja langflestir að láta skíra barn sitt. Þeir foreldrar sem kjósa að skíra ekki halda börnum sínum þó oft veislu í tilefni nafngjafar og barninu gefst þá tækifæri til að taka sjálfstæða og upplýsta ákvörðun um hvort það vilji láta skíra sig til kristinnar trúar síðar á lífsleiðinni. Sú ákvörðun að skíra ekki barn sitt hefur oft verið rökstudd með því að foreldrarnir vilji ekki taka svo mikilvæga ákvörðun fyrir barn sitt,¹ en það er einnig mikilvæg ákvörðun í sjálfu sér að velja þá leið að gera það ekki. Það er ákvörðun sem er á skjön við þá hefð eða norm sem við eigum að venjast í dag.² Það eru einmitt hefðir af þessu tagi sem þjóðfræði tekur til umræðu innan sinnar fræðigreinar.

Skírni barna hefur verið hefð í okkar samfélagi öldum saman og ljóst er að sumir láta skíra börn sín hefðarinnar vegna, án þess að velja trúarlega þættinum svo mikið fyrir sér.³ Hefðin hefur eflaust breyst í tímans rás en hún á sér djúpar rætur í fortíð okkar. Athöfnin sjálf og þau tákni sem við notumst við í skírni eiga sér líka mörg hver langa sögu innan fjölskyldna: sami skírmarkjöllinn hefur stundum verið notaður í áratugi, sama skálin eða sama vatnið.⁴ Í þessari ritgerð ætla ég að skoða sögu og þróun skírni hér á landi og einnig hvort hugmyndin um skírni barna hafi breyst á síðustu árum. Meðal annars vil ég athuga hvort skírni er í hugum foreldra trúarleg athöfn, hefð, eða „bara“ tækifæri fjölskyldunnar til að hittast og fagna nýju barni og nafni þess. Auk þess mun ég einnig skoða skírni sem ævihátíð.

Skírni er vígsluathöfn inn í kristið samfélag og mun ég meðal annars skoða þessa athöfn í ljósi kenningar sem franskir mannfræðingurinn Arnold van Gennep setti

¹ Viðauki við könnun 2. Hægt er að lesa um viðhorf fólks til skírniarinnar í viðauka aftan við ritgerðina. Þar eru svör einstaklinga við könnunum sem höfundur gerði og má sjá röksemdarfærslur af þessu tagi þar.

² Samanber könnun 2.

³ Sjá viðauka við könnun 2.

⁴ Mörg dæmi eru í svörum spurningaskráa Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands þar sem fólk segir frá hlutum sem notaðir hafa verið við skírni innan fjölskyldna þeirra um langt árabíll. Í svari 656 við spurningaskrá 10 segir karlmaður fæddur 1884 til dæmis frá skírni vatni sem notað hefur verið innan sömu fjölskyldu í tæp 50 ár. Vatnið er sett á flösku og geymt á milli skírni.

fram í bók sinni *Les Rites de Passage (The Rites of Passage)* sem kom út árið 1909. Í þeirri bók telur hann að fólk fari í gegnum ýmsar breytingar á lífsleiðinni og að í þeim breytingum felist oft færsla á milli laga innan hópa samfélagsins. Van Gennep segir að þegar sú færsla fari fram þá fari einstaklingurinn í gegnum þrjú stig þ.e. aðskilnað (*e. separation*), umbreytingu (*e. transition*) og síðast innlimun (*e. incorporation*).⁵ Þessi stig fer einstaklingurinn í gegnum við vígsluathafnir hvort heldur um er að ræða kirkju- eða veraldlegar athafnir og fer því barnið í gegnum þetta hvort heldur það er skírt samkvæmt trúarlegum siðum eða barninu haldin athöfn þar sem nafn þess er opinberað. Í báðum tilfellum færast barnið frá einu sviði innan samfélagsins til annars í augum þátttakenda athafnarinnar og samfélagsins í heild.

Mannfræðingurinn Victor Turner⁶ tók upp kenningu Arnolds van Gennep og rannsakaði áfram það sem gerist á miðstigi breytingasiðanna þ.e. umbreytinguna (*transition*). Hugtakið *liminality* eða jaðartímabil sem van Gennep innleiddi, þróaði Turner áfram en það merkir tímunn á milli aðskilnaðar og innlimunar. Á þessum jaðartíma myndast ákveðin stund frá daglegu lífi og er um leið viss upphefð þess sem er að fara í gegn um þessa breytingasiði. Segja má að skírnarathöfnin sjálf sé þess konar jaðartímabil, þar sem verið er að færa barnið formlega á milli hópa samfélagsins. Þetta tímabil er brú á milli liðins tíma og þess ókomna og við skírningu sameinast fjölskyldan sem ein heild til þess eins að vera viðstödd þessa vígslu barnsins. Turner talar einnig um táknið sem notast er við á hátíðum sem þessum, til dæmis hvítur skírmarkjöll, vígt vatn og skírnarfontur, og segir þessa hluti fá aukna merkingu við athöfnina eins og gerist oft á jaðartímum sem þessum. Þetta eru allt veraldlegir hlutir sem verða helgir við þessa ákveðnu notkun. Það má segja að við þurfum á þessum táknum að halda til þess að gera athöfnina að því sem hún er, þessi tákni eru okkur svo eðlileg að við notum þau án þess að velta fyrir okkur hvers vegna, samt getum við ekki verið án þeirra. Í ritgerðinni mun ég taka hvert tákni fyrir sig og skoða hvernig þau hafa verið notuð í gegnum tíðina og hvort notkun þeirra hefur tekið breytingum.

⁵ Van Gennep, *Rites of Passage*, bls. 2-3.

⁶ Turner, *Celebration*, bls 116.

Að síðustu mun ég skoða skírna út frá kenningu trúarbragðafræðingsins Mircea Eliade,⁷ en í bók sinni *The Sacred and the Profane: The Nature of Religion* (1987) setti hann fram kenningu um helgan tíma (*sacred time*) þar sem athöfnin sjálf, hvers eðlis sem hún er (skírn, ferming, gifting o.s.frv), gerir tímann heilagan. Athöfnin er hér og nú en í tilfalli skírnarinnar er barnið samt að taka við sömu vígslu, sama sakramenti og Jesú tók fyrir mörgum öldum. Því eru þeir sem viðstaddir eru skírnarathöfnina að segja má í tvennum tíma: í nútíðinni en jafnframt í helgum tíma hins fyrsta sakramentis.

Segja má að skírn sé hátíð, þegar tíminn og hegðun eru upphafin. Þetta sést meðal annars vegna þess að þegar barn er skírt klæðir fólk sig upp, staðurinn þar sem skírnin eða veislan á að fara fram er skreyttur, og svæðið er merkt þeim viðburði sem skírnin er. Þessi viðhöfn endurspeglar í hátíðleika athafnarinnar og allir þeir sem koma saman og mynda þann hóp sem að skírinni standa og merkja sig með þessum táknum mynda ákveðna heild þar sem allir hafa ákveðið hlutverk.

Í ritgerðinni verður skírnarathöfnin skoðuð út frá hugmyndum ofangreindra fræðimanna í ljósi þeirra kenninga sem minnst hefur verið á. Stuðst verður í fyrsta lagi við ritaðar heimildir sem innihalda íslenskar forn- og þjóðsögur sem sýna vel hugmyndir fólks um mikilvægi skírnarinnar. Til að skoða þá þróun sem orðið hefur, verða svo skoðuð svör fólks við spurningalistum þjóðhátadeildar Þjóðminjasafns Íslands (hér eftir nefnd þjóðhátadeild): nr. 10, Barnið, fæðing og fyrsta ár, sendur út árið 1963, nr. 56, Lifnaðarhættir í þéttbýli V. Dagamunur og félagslíf, sendur út árið 1983 og nr. 105, Nafngjöf og skírn, sem sendur var út árið 2003. Á þessum listum eru margar svipaðar spurningar sem snerta skírn barna og geta varpað ljósi á hugmyndir fólks um skírna á um 100 ára tímabili.⁸

Einnig voru gerðar kannanir á veraldarvefnum sem varpa ljósi á hugmyndir fólks um ákveðna þætti skírnarinnar en höfundur setti inn tvær kannanir á www.barnaland.is til að fá svör við afmörkuðum þáttum. Í fyrri könnuninni sem gerð var 6.- 8. febrúar 2011 var spurt um hvar fólk hefði látið skíra barn sitt, ef það tók þá ákvörðun að láta skíra og svöruðu þeirri könnun 207 einstaklingar. Í síðari könnuninni

⁷ Eliade, *The Sacred and the Profane: The Nature of Religion*, bls 68-116.

⁸ Elsti svarandi var fæddur árið 1873 og yngsti 1984 og eru því 111 ár á milli þeirra.

sem gerð var 13.- 15. febrúar 2011 var spurt um ástæður þess að viðkomandi lét skíra barn sitt, svarendur að þeirri könnun voru 159. Eins og sjá má var mjög góð svörun í báðum þessum könnunum sem hjálpuðu til við að skýra viðhorf foreldra ungra barna í dag til skírningarinnar. Einnig létu margir fylgja með upplýsingar og skoðanir sínar um skírnarathöfnina og er hægt að lesa þær athugasemdir sem margar eru mjög athyglisverðar í viðauka 1 og 2 sem eru aftan við ritgerðina.

Að lokum mun ég svo fjalla um hjátrú varðandi skírn en eins og kemur fram í fjölda íslenskra þjóðsagna ber margt að varast á jaðartíma sem þessum og einnig margt sem vissara er að framkvæma. Hefur mörg hjátrúin sprottið upp í kringum skírnina og þau tákni sem notuð eru við athöfnina. Með því að styðjast við þessar heimildir og kenningar mun ég draga saman sögu skírnar á Íslandi, þá þætti er henni viðkoma, hugmyndir manna um einstaka þætti og þá þróun sem orðið hefur.

Skírn er ekki eingöngu vígsla inn í kristið samfélag heldur hefur lengi verið venja að gefa barni nafn um leið og þau eru skírð. Mörgum er ekki sama um hvernig eða hvers vegna ákveðin nöfn eru valin. Þrátt fyrir að skírn og nafngjöf tengist mjög náið mun ég ekki fjalla um val á nafni í þessari ritgerð en lesa má um það í BA ritgerð Dagbjartar Guðmundsdóttur „Lof mér að vera“ (2006).

II. Hvað er skírn?

II.1 Inngangur að vígsluathöfn

Þegar einstaklingur er skírður er hann vígður inn í samfélag kristinna manna og fylgir vígslu af þessu tagi oft einhverskonar athöfn sem markar þau tímamót þegar einstaklingurinn færast af einu sviði innan samfélagsins til annars. Í bók sinni *Les Rites de Passage (The Rites of Passage)* sem kom út árið 1909 fjallar Arnold van Gennep um þær vígsluathafnir sem fólk fer í gegnum reglulega á lífsskeiði sínu með þessum orðum:

The life of an individual in any society is a series of passages from one age to another. Wherever there are fine distinctions among age or occupational groups, progression from one group to the next is accompanied by special acts...⁹

Samkvæmt kenningum van Genneps skiptast vígsluathafnirnar í þrjú stig þ.e. aðskilnað (e. *separation*), umbreytingu (e. *transition, liminal*) og að lokum innlimun (e. *incorporation*). Þessi kenning á vel við þegar einstaklingur er skírður inn í kristið samfélag og segja má, að hvort sem einstaklingurinn er barn eða fullorðinn fer hann í gegnum þessi þrjú stig vígsluathafnar þegar hann tekur skírni og færir milli laga samfélagsins. Þegar einstaklingurinn er óskírður er hann á ákveðnu sviði í samfélaginu, hann er hluti af hóp óskírðra einstaklinga, einstaklinga sem kirkjan telur að njóti ekki verndar guðs. Þegar skírnarathöfnin sjálf á sér stað er tími umbreytingar sem einnig hefur verið kallaður jaðartími (e. *liminal time*). Sá tími er hættulegastur í ferlinu samkvæmt þjóðtrú því þá er einstaklingurinn á milli þessara tveggja samfélagslaga óskírðra einstaklinga og skírðra. Að lokum fer fram hin eiginlega innlimun þegar einstaklingurinn tekur við skírinni og verður hluti af þeim hópi fólks sem hlotið hefur skírni inn í kristið samfélag og fær á sama tíma skírarnafn. Þetta er mjög skýrt dæmi um færslu milli hópa samfélagsins.¹⁰ Á þessum jaðartíma milli stiga er oft haldin hátíð sem einkennist af miklum helgisiðum og samkvæmt kenningum sem Mircea Eliade setur fram í bókinni *The Sacred and the Profane, the Nature of Religion* (1987) eru notuð ýmis tákni til þess að gera tímenn sérstakan að nálgast það heilaga:¹¹ fólk fer í spariföt og viðhefur ákveðnar reglur, það notast við margs konar tákni svo sem hvítan skírmarkjól, skírnarfont, skírnavatn og skírmarkerti og einnig er haldin veisla einstaklingnum til heiðurs.

Skírni er ekki eingöngu vígsluathöfn heldur er hún einnig hreinsunarathöfn eins og sjá má í Postulasöggunni í *Biblíunni* þar sem fjallað er um skírni en þar stendur „Rís upp, ákalla nafn hans og lát skírast og laugast af syndum þínum“.¹² Samkvæmt þessu er skírni því hreinsunarathöfn þar sem að sá sem skírður er, er hreinsaður af þeirri sekt sem hlutdeild hans í erfðasyndinni lagði á hann, ásamt því að vera inntökuathöfn í

⁹ van Gennep, *Rites of Passage*, bls. 2-3.

¹⁰ van Gennep, *Rites of Passage*, bls. 2-3.

¹¹ Eliade, *The Sacred and the Profane: The Nature of Religion*, bls. 8-18.

¹² *Biblían*, Pst. 22:16.

kirkjuna.¹³ Því má segja að skírnin sé fæðing inn í samfélag heilagra og að hún tákni hreinsun sálarinnar og sé þar með vörn gegn erfðasyndinni. Bæði hér á landi og erlendis taldi kirkjan skírningu vera skilyrði fyrir eilífri velferð einstaklingsins. Hér á landi hefur því, allt frá kristnitöku, verið lögð rík áhersla á að fólk komi börnum sínum til skírningar eins fljótt og auðið er.¹⁴

Í bókinni *The Encyclopedia of Religion* sem Mircea Eliade ritstýrði árið 1986 er orðið „baptism“, sem merkir skírningu, sagt komið af gríska orðinu „baptein“ og táknar „að sökkva“ eða „að þvo“.¹⁵ Er þá átt við að einstaklingurinn afneitar annari trú, sálin er hreinsuð, þvegin af öllu því sem áður hefur gerst og manneskjan rís upp heil og syndlaus að skírningu lokinni eins og sjá má af tilvitnuninni í *Postulasöguna* hér að ofan. Í *Mattheusarguðspjalli* segir frá því þegar Jesú tók skírningu hjá Jóhannesi skírara við ána Jórdan, þar segir „En þegar Jesús hafði verið skírður sté hann jafnskjótt upp úr vatninu“.¹⁶ Þarna fer Jesú allur ofan í vatnið og var því skírður með niðurdýfingaskírningu og í raun þvegin af fyrra lífi. Hann rís upp úr vatninu og heyrir þá rödd af himnum segja „Þessi er minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun á,“¹⁷ hann fær því í framhaldi af skírningu sinni viðurkenningu föður síns. Þegar við látum skíra börn í dag erum við í raun að líkja eftir skírningu Jesú og erum því að tengjast sömu siðum, sama sakramenti og hann tók.

Hvort sem verið er að skíra fullorðinn einstakling eða barn þarf að notast við vatn til þess að framkvæma þessa hreinsunarathöfn, í mismiklum mæli þó eftir því hvort framkvæmd er niðurdýfingaskírningu eða ausið vatni á koll þess sem skírður er. Vatnið í athöfninni er svo mikilvægt að ef mikill vatnsskortur var gengu sumir svo langt á Íslandi að notast við munnvatn og var sú skírningu kölluð „hrákaskírningu“.¹⁸

Skírningu var ekki aðeins hreinsun heldur var frá upphafi talin veita inngöngu að kristnu samfélagi en í upphafi var einnig hægt að gangast undir prímsigningu, en sumir

¹³ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“ í *Íslensk þjóðmenning*, V. b., bls. 317

¹⁴ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“ í *Íslensk þjóðmenning*, V. b., bls. 317; „Kristinna laga þáttur“ í *Grágás*, bls. 1.

¹⁵ Eliade, *The Encyclopedia of Religion*, bls. 59.

¹⁶ Biblían, Matt., 3:15

¹⁷ Biblían, Matt., 3:17.

¹⁸ Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, bls. 118.

kristnir menn kröfðust þess að þeir sem þeir ættu samskipti við væru prímsignindir eins og sagt verður betur frá í næsta kafla.

II.2 Prímsigning

Í bókinni *Kristni á Íslandi* segir að við kristnitökuna á Íslandi árið 1000 hafi sumir hlotið prímsigningu en hún fól í sér afneitun á heiðnum siðum og var því ákveðin hreinsun af illum öndum. Prímsigning var því mikilvægt millistig á leið til skírnar.¹⁹ Í *Egils sögu Skallagrímssonar* sem gerist fyrir kristnitöku segir frá samskiptum Egils og Þórólfs við kristna Englendinga sem vildu ekki eiga samskipti við heiðna menn nema þeir tækju prímsigningu:

Konungur bað Þórólf og þá bræður að þeir skyldu láta prímsignast því að það var þá mikill siður bæði með kaupmönnum og þeim mönnum er á mála gengu með kristnum mönnum, því að þeir menn er prímsignaðir voru höfðu allt samneyti við kristna menn og svo heiðna en höfðu það að átrúnaði er þeim var skapfelldast. Þeir Þórólfur og Egill gerðu það eftir bæn konungs og létu prímsignast báðir.²⁰

Þó er þess ekki getið í sögunni að þeir hafi gengið það langt að afneita heiðnum siðum til þess að hljóta prímsigningu heldur virðist þetta frekar hafa verið einhverskonar formsatriði. Þessi siður hefur lagst af sem ákveðin athöfn en hefur eflaust þjónað sínum tilgangi á þeim tíma þegar annað foreldrið var heiðið og hitt kristið eða þar sem stór hópur var að taka kristna trú og ekki gafst tækifæri til að skíra alla.

Eins og nánar er fjallað um hér að neðan í kaflanum II.4 „Að fá að hvíla í vígðri mold“ fær látið barn sem er prímsignt að hvíla á mörkum kirkjugarðsins, á jaðrinum. Af því má sjá að menn hafi túlkað prímsigninguna þannig að einstaklingurinn hefði hafið för sína inn í kristið samfélag en ekki enn hlotið endanlega vígslu inn í það. Enn fremur virðist hafa verið talið betra að barn væri prímsignt heldur en að einhver viðstaddur færi rangt með skírnarorðin fyrir andlát því þá taldist einstaklingurinn ekki

¹⁹ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“ í *Íslensk þjóðmenning*, V. b., bls. 317. Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, bls. 113.

²⁰ *Egils saga Skallagrímssonar*, bls. 103.

skírður og átti þá ekki kost á að hvíla í vígðri mold, ekki einu sinni á jaðrinum. Mátti þar ekki mikið út af bregða því að ef eitt orð vantaði í skírnarorðin þá taldist barnið ekki skírt.²¹

II.3 Skírn til kristni

Eins og áður sagði er vatn mjög mikilvægt þegar einstaklingur er skírður því hreinsunarmáttur vatnsins er talinn mikill. Þó hefur ekki alltaf verið notast við vatn heldur var á fyrstu öldum kristinnar einnig notað salt til hreinsunar. Árni Björnsson segir svo frá því hvernig fullorðinsskírn fór fram í bók sinni *Merkisdagar á mannsævinni*:

...prestur blés í ásjónu hans og flutti særingu til að hrekja burt anda Satans. Síðan var hann signdur með krossmarki á enni og stundum einnig á brjósti, beðið fyrir honum og hendur lagðar yfir. Þá var honum gefið vígt salt í munn og að lokum var flutt bæn. Salt var talið hreinsandi²²

Blástur og saltgjöf voru ekki afnumin fyrr en við siðbreytingu snemma á 16. öld. Þegar barnaskírn var tekin við af fullorðinsskírinni hófst skírnarathöfnin fyrir utan kirkjuna eða í forkirkjunni þar sem presturinn blés þrisvar í andlit barnsins og fór með særingu. Síðan var gert krossmark yfir barninu og salt sett í munn þess, í kjölfarið fylgdu margar ákallanir og særingar. Næst snerti prestur eyru og nasir barnsins með fingrum vættum í munnvatni sínu og opnaði með því eyru barnsins. Þegar þessu lauk var gengið inn í kirkjuna og barninu því dýft þrisvar í skírnarsárinn.²³ Þar sem skírnin markaði inngöngu barnsins í kirkjunnar samfélag var skírnarsárinn hafður rétt innan við dyrnar í kirkjunni og var hann það stór að hægt var að dýfa barninu ofan í hann.²⁴ Það þótti þannig nauðsynlegt að dýfa einstaklingnum sem skírður var þrisvar í vatn eins og

²¹ „Kristinna laga þáttur“ í *Grágás*, bls. 4-5.

²² Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, bls. 112.

²³ Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, bls 112-114.

²⁴ Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, bls. 116. Samkvæmt Árna hefur skírnarsárinn hefur einnig verið nefndur *skírnarbrunnur* eða *skírnarfontur* sem er dregið af latneska orðinu *fons* sem merkir uppspretta.

var gert við Jesú í Biblíunni. Var því athöfnin frekar í líkingu við bað eða hreinsun, og á því áður nefnd merking orðsins „*baptism*“²⁵ vel við þá athöfn.²⁶

Eins og sést í Biblíunni er niðurdýfingin kjarni skírningarinnar en eftir kristnitökuna á Íslandi voru einstaklingar skírðir með niðurdýfingaskírni og segir í *Kristni sögu* að þingmenn hafi verið laugaðir á leiðinni heim af þingi en þeir voru laugaðir í Reykjalaug (Vígðulaug) í Laugardal og í Reykjalaug í Lundarreykjadal.²⁷ Innan samfélags þjóðkirkju Íslands hefur framkvæmd þessa siðar þróast frá því að dýfa fólki í vatn til þess að ausa börnin vatni sem presturinn hefur vígt. Það má þó sjá í heimildum frá tímum heiðins siðar á Íslandi að börn hafi einnig verið ausin vatni, t.d. í *Harðar sögu og Hólmverja* er sagt frá barni sem átti að bera út en „hann tók meyna ok nennti eigi at láta drepa hana, því að þat var morð kallat að drepa börn, er þau váru vatni ausin.“²⁸ Það að barnið hafði verið ausið vatni hafði fært það á annan stað innan samfélagsins, það var orðin manneskja sem ekki mátti bera út. Einnig segir í *Rígsþulu* vísun nr. 21 og 32:

Jóð ól Amma
jósu vatni,
kölluðu Karl,
kona sveip rifti,
rauðan ok rjóðan,
riðuðu augu.

[...]

Svein ól Móðir,
silki vafði,
jósu vatni,
Jarl létu heita;
bleikt var hár,
bjartir vangar,
ötul váru augu
sem yrmlingi.²⁹

²⁵ Sjá kafla II.1

²⁶ Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, bls. 112.

²⁷ Íslendingabók, *Kristni saga* kafl. 12, bls. 50.

²⁸ *Íslensk fornrit, Harðar saga og Hólmverja*, bls. 22.

²⁹ *Eddukvæði, Rígsþula*, 21, og 32., bls. 336 og 339.

Í báðum þessum dæmum er barnið ausið vatni eins og gert er við skírn í dag, en þær íslensku heimildir sem til eru um heiðinn sið eru allar skrifaðar eftir að kristni náði útbreiðslu.³⁰ Eins og áður sagði var barninu dýft þrisvar í vatn þegar um kristna skírn var að ræða. Þó að einstaklingnum hafi upphaflega verið dýft í vatn eins og fyrr sagði, þá má ætla að það hafi hentað betur hér á landi að ausa vatni yfir koll barns þar sem oft er hér kalt og hugsanlega hættulegt heilsu barnsins að vera dýft öllu í vatn. Að ausa barnið vatni er þó einnig mikilvægt í kristni því að með handayfirlagningunni sem þeirri athöfn fylgdi öðlast vígsluþeginn heilagan anda eins og fram kemur í *Postulasöggunni*: „[...] Nú lögðu þeir hendur yfir þá, og fengu þeir heilagan anda“.³¹ Einstaklingurinn fær því einnig blessun og heilagan anda með því að prestur leggur hendur yfir höfuð barnsins. En tákni hreinsunarinnar hefur þá verið í því vatni sem í lófa prestsins er.

Annað sem lesa má úr erindunum hér að ofan úr *Rígsþulu* er að drengirnir fá nafn við þessa athöfn. Í samfélagi kristinna manna er þó munur á að gefa barni nafn og að skíra það. Eins og sagt er frá í kafla II.4 ber fólki að nefna barn sitt innan 6 mánaða en ekki er lagaleg skylda til að skíra barn sitt. Þó hefur það verið siður hér á landi að nafn barnsins sé gert opinbert á þeirri stundu þegar barnið er skírt. Það er bæði einstaklingum og samfélaginu mikilvægt að fólk beri ákveðin nöfn, bæði til aðgreiningar hvert frá öðru og að vera sjálfstæður einstaklingur með ákveðið heiti. Troels-Lund orðar þetta ágætlega í *Dagligt Liv i Norden, i det sekstende Århundrede*:

en nærmere betragtning af de former for tro og overtro, der knytter sig til al menneskelig navngivning, viser os, at disse deler sig i to tankeretninger: et navn er nødvendigt for ethvert menneske, for at dette overhovedet kan blive til et selvstændigt enkeltvæsen. Men just på grund af denne navnets ligesom hellige kraft, br dette ikke misbruges, men bør i daglig tale...³²

Hann telur að nafnið sem barnið fær við skírnina hafi ákveðinn kraft, og þess vegna var því haldið leyndu fram að skírn. Hugsanlega hefur fólki ekki þótt við hæfi að nafn barnsins færi á flakk og ylli umtali áður en barnið yrði vígt inn í kristið samfélag. Þar er það hreinsað af erfðasyndinni og hefur nýtt, hreint og syndlaust líf með óflekkað

³⁰ Gísli Sigurðsson, inngangur í Eddukvæði, bls. xi.

³¹ *Biblían*, Pst. 8:17.

³² Troels-Lund. *Dagligt Liv i Norden i det sekstende Aarhundrede*, b. 4., Fødsel og Daab, bls. 445.

nafn. Einnig virðist það hafa verið trú manna í Danmörku að ef nafnið væri kunngjört fyrir skírn yrði barnið ekki langlíft.³³ Því má segja að bæði á Íslandi og í Danmörku hafi það verið fólki mikilvægt að halda nafni barnsins leyndu þar til það hlaut blessun skírnarinnar, ástæður nafnleyndar í dag í okkar samfélagi eru þó eflaust að mestu hefðarinnar vegna.

II. 4 Að fá að hvíla í vígðri mold

Eins og minnst var á í upphafi er kristin skírn bæði hreinsun og vígsla inn í kristið samfélag með viðtöku heilags anda og fyrirheitum um eilífa velferð. Nauðsyn þess að koma barni sínu til skírnar varð ekki bara gróin í alþýðuvitund manna heldur bar fólki lagaleg skylda til þess að láta skíra barn sitt á þjóðveldistímanum og mátti beita það refsingum væru þessi lög ekki virt. Í „Kristinna laga þætti“ í lagabókinni *Grágás* frá þjóðveldisöld er fjallað um þessa skyldu og bar fólki að láta skíra börn eins fljótt og kostur var.³⁴ Prestar áttu samkvæmt lögum alltaf að vera tilbúnir til að framkvæma athöfnina. Það var því ekki val einstaklinga að láta skíra börn sín eins og nú er en með tímanum breyttist þetta og slakað var á kröfunum bæði í lagalegum skilningi og einnig hvað varðaði tímamörk. Á 13. öld var fresturinn fimm nætur en á 16. öld var ákveðið í húsa- og tilskipun að skírn færi fram innan sjö daga og hélst sú tilhögun til ársins 1828 þegar ákveðið var að lengja frestinn í tvo mánuði.³⁵ Nú ber fólki ekki lagaleg skylda til að skíra börn sín en í lögum um mannanöfn nr. 45/1996 er kveðið á um að fólk verði að vera búið að nefna barn sitt innan sex mánaða.³⁶

Fólk óttaðist þó að ef barn félli frá óskírt þá fengi það ekki að hvílast í vígðri mold og fengi ekki vist í himnaríki. Þegar óttast var um líf barns var stundum framkvæmd svokölluð skemmri skírn eða neyðarskírn (sjá nánar í kafla III.2 hér að neðan og um prímsigningu kafla II.2). Í „Kristinna laga þætti“ í *Grágás* er skýrt kveðið

³³ /www.kristendom.dk/artikel/267062:Daab--Hvorfor-hemmeligholde-barnets-navn. Síðast skoðað 28. apríl 2011.

³⁴ „Kristinna laga þáttur“ í *Grágás*, bls. 1-5.

³⁵ Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bindi III, bls. 252.

³⁶ *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 2010*. Útgáfa 138b. 1996 nr. 45. 17. maí. Þar segir í 1 kafla 2. gr. „Skýlt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.“

á um hvort og hvernig jarða eigi barn sem skírt hefur verið heima af einhverjum nákomnum en ekki lærðum prest:

Ef presti þykir rétt sú skírn og andast barn og skal það grafa að kirkju og syngja líksöng yfir [...] ef presti þykir eigi að með fullu rétt að skírn farið, hvort sem skorta orð eða atferli, og andast barnið og skal það eigi grafa að kirkju [...]ef barn andast prímsigt³⁷ og hefur eigi verið skírt og skal það grafa við kirkjugarð út þar er mætist vígð mold og óvígð og syngja eigi líksöng yfir.³⁸

Hér er getið um þrjár mismunandi leiðir varðandi það hvernig skal ganga frá jarðneskum leifum barns. Þessar leiðir eiga við um barn sem skírt hefur verið heima af leikmanni og er það í valdi prestsins að skera úr um hvort lögmæt leið hefur verið farin og í framhaldi af því að ákveða hvernig skuli fara með jarðneskar leifar barnsins.

Í *Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum* eftir Jón Árnason (1954-1961) eru þrjár³⁹ sögur frá 19. öld um vandræði sem hljótast af því að gleyma einu orði í skírnarorðunum en í öllum sögunum hafði sá sem skírði barnið gleymt „syninum“ þegar farið var með skírnarorðin. Í sögunni „*Hvað varð um soninn*“ leysir bóndinn sem sjálfur hafði séð um skírnina úr vandræðum sínum á afar athyglisverðan hátt:

[...]Þar næst þegar honum leizt færði bóndi það til prestsins og bað hann að jarða það í vígðri mold. „Nei,“ segir prestur, „Það er óskirt!“ „Nei,“ segir bóndi, „ég skírði það sjálfur!“ „Hvernig hagaðir þú orðum þínum?“ segir prestur. „Ég skíri þig í nafni föðurs og heilags anda,“ segir bóndi. „Hvað varð þá um soninn?“ segir prestur, „Hann kemur hér á eftir og leiðir naut sem ég ætla að gefa þér til að grafa það í vígðri mold,“ segir bóndi.[...]⁴⁰

Þessi saga sýnir vel hugmyndir fólks um mikilvægi þess að koma börnum sínum í vígða mold og er þessi bóndi tilbúinn til að gefa prestni naut til þess að koma barni sínu til grafar í kirkjugarði og tryggja því veru í himnaríki. Hvort sem þjóðsögur eru sannar eða ekki þá geta þær alltaf gefið okkur hugmynd um þau viðhorf og hugmyndir sem tíðkuðust hjá fólki á þeim tíma sem þær voru lifandi með þjóðinni.

Ýmsar ástæður gátu verið fyrir því að fólk fyrr á öldum komst ekki af bæ til að láta skíra börn sín. Oft voru veður vond yfir vetrartímamann og langt til næstu kirkju, en

³⁷ Fjallað er um prímsigningu í kaflanum II.2.

³⁸ „Kristinna laga þáttur“ í *Grágás*, bls. 4.

³⁹ Tvær sagnanna eru frá Suðurlandi og ein úr Svarfaðardal.

⁴⁰ Jón Árnason. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, bindi V, bls. 364-365.

barn skyldi skírt í kirkju nema ef óttast var um líf barnsins, þá mátti skíra það heima. Líttill skilningur virðist þó hafa verið á aðstæðum fólks og tækifærum þess til að koma barni til kirkju því í *Grallara* Guðbrands biskups frá 1594 segir að þar sem því verði viðkomið eigi að færa heilbrigð börn til skírnar á sunnudegi í sóknarkirkjunni, heimaskírn var ekki heimiluð nema brýna nauðsyn bæri til.⁴¹ Þó virðist sem heimaskírnir hafi verið nokkuð algengar og má ætla að prestar hafi verið misjafnlega íhaldssamir varðandi þetta ákvæði. Það má líka hafa í huga að vegna stífra tímamarka gafst móður barnsins ekki tækifæri til að vera viðstödd skírnina væri farið til kirkju þar sem hún lá á sæng. Væri barn hennar skírt heima gat hún fylgst með athöfninni og því hugsanlegt að fólk hafi frekar kosið heimaskírn væri þess kostur. Væri heimaskírn framkvæmd þá var þó ekki sama hvernig sú athöfn fór fram eða hver framkvæmdi hana. Þar sem því varð við komið skírði prestur barnið en ef barnið fæddist veikt, var ekki hugað líf og ekki gafst tími til að sækja prest þurfti leikmaður að framkvæma skírnina. Þetta kallaðist skemmri skírn eða neyðarskírn⁴² Árið 1771 var svo eldra ákvæði um kirkjuskírn afnumið og fólki heimilað að velja hvort það vildi heimaskírn eða kirkjuskírn.

Af ofangreindum heimildum má þannig sjá að skírn þótti mikilvæg athöfn fyrir fólk fyrr á öldum og frá tíma kristnitöku. Í hugum þess var þetta ákveðin trygging sem það gat veitt barni sínu til að takast á við lífið, áföllin í lífinu, dauðann og ekki síst vonina um líf í himnaríki eftir veru þess í þessum heimi. Nauðsynlegt þótti að athöfnin væri framkvæmd á ákveðinn hátt.

III. Hinar ýmsu gerðir skírnar

Eins og bent var á í innganginum þurfa þeir sem láta skíra barn sitt í dag inn í þjóðkirkju Íslendinga að taka ákvörðun um hvort skíra eigi barnið heima eða í kirkju. Einstöku sinnum fæðist barn sem óttast er um og er þá framkvæmd skemmri

⁴¹ Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bindi III, bls. 250.

⁴² Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bindi III, bls. 254. Sjá kafla um Skemmri skírn, neyðarskírn. III.2.

skír/neyðarskír. Þrátt fyrir ólíkar hugmyndir lútherskra trúfélaga um hvenær beri að skíra einstaklinginn eru þau þó samstíga í hugmyndum sínum um mikilvægi þess að vígja einstaklinginn inn í samfélag kristinna manna með einhverskonar athöfn.

III. 1 Barnaskír eða fullorðinsskír

Hér að ofan hefur verið fjallað um hvaða hugmyndir voru á bak við skír einstaklinga og lagaleg ákvæði þess efnis en í dag ber fólki ekki lagaleg skylda til að skíra börn sín eins og sagt var frá í kafla II.4. Þegar fólk eignast afkvæmi í dag þá stendur það því frammi fyrir þeirri spurningu hvort það vilji láta skíra barn sitt til kristinnar trúar eða ekki. Ef það tekur þá ákvörðun að láta skíra barn sitt þarf það að velja hvort skíra eigi barnið í kirkju eða heima.

Ekki aðhyllast þó öll kristin trúfélög á Íslandi barnaskír, því hvergi í *Biblíunni* er kveðið á um að börn skuli skírð. Í sumum trúfélögum er það ákvörðun einstaklingsins að láta skírast inn í kristið samfélag og álit þeirra er að kornabarn geti ekki tekið þá ákvörðun fyrir sjálf sig. Þannig er fullorðinsskír framkvæmd í trúfélaginu Krossinum í Kópavoginum og eru rök fyrir þeirri stefnu birt á heimasíðu félagsins þar sem vitnað er í orð Marteins Lúthers:

Skírmin er ekki nokkrum til hjálpar, og á ekki að veitast nokkrum manni nema að viðkomandi trú sjálfur, og án persónulegrar trúar má engin (svo) taka skír... Ef við getum ekki sýnt fram á að litlu börnin trú sjálf og hafi persónulega trú, þá er það ráð mitt og sannfæring að við hættum strax - því fyrir því betra, og skírur aldrei frammar börn.

Sá maður, sem hér er átt við, er siðbótarfrömuðurinn Martein Lúther, en hann sagði þessi orð á árinu 1528. En því miður átti hann eftir að skipta margsinnis um skoðun varðandi skírminna. En Lúther hafði ekki aðeins ljós yfir fánýti barnaskírinnar, heldur gerði hann sér einnig grein fyrir því að skírminna átti að framkvæma með niðurdýfingu.⁴³

Þegar maður íhugar þessi orð og þann ótta að barnsins bíði ekki vist í himnaríki ef það er óskírt er ekki er auðvelt að rökstyðja hvora leiðina skuli velja, að skíra börn ómálga eða bíða þess að einstaklingurinn geti gert upp hug sinn og fylgt sannfæringu

⁴³ http://www.krossinn.is/Um_Krossinn/kenningar/6.%20kafli/ síðast skoðað 3. febrúar 2011. Á dönsku vefsíðunni www.lutherdansk.dk segir í kaflanum Den hellige dåb 1535: Du blev døbt, da du var barn og ikke kunne tro, derfor er din dåb forgæve.

sinni. Það er því trúfélaganna að taka afstöðu til þess hvaða leið skuli farin, mynda sér skoðun og fylgja henni.

Hjá trúfélaginu Vottum Jehóva í Reykjavík er tekið í sama streng og hjá Krossinum og telja þeir ekki hægt að skíra einstakling til kristinnar trúar nema með hans eigin ákvörðun og ákveðinni grunnþekkingu á trúnni. Á heimasíðu sinni styðja þeir ákvörðun sína með þessum orðum:

Nákvæm þekking á orði Guðs er mikilvægur undanfari skírnar (svo).

að fara á kaf í vatnið táknað að maður sé dáinn sinni fyrri lífsstefnu. Þegar manni er lyft upp úr vatninu er það tákn þess að maður sé lifnaður til að gera vilja Guðs (svo).⁴⁴

Það má því segja að þjóðkirkjan skeri sig úr hjá þessum þremur lútersku trúfélögum þegar kemur að skírninni, einstaklingurinn er skírður inn í kristið samfélag þjóðkirkjunnar, ómálga og skoðanalaus, og tekur því ekki ákvörðun um að tilheyra því samfélagi á eigin forsendum heldur á forsendum foreldra sinna. Síðar á lífsleiðinni gefst þó barninu tækifæri á að staðfesta skírn sína með fermingu. Þó er algengast að börn séu skírð í okkar samfélagi og má segja að sterk hefð sé fyrir því.

Eins og kom fram hér að ofan þá er sú ákvörðun að skíra barn inn í þjóðkirkjuna oft í höndum foreldra barnsins. Það er því áhugavert að skoða einnig hvaða rök prestar þjóðkirkjunnar styðjast við þegar þeir réttlæta barnsskírn. Á vefnum www.tru.is sem þjóðkirkja Íslands stendur fyrir er hægt að varpa fram spurningum og fá svör fagmanna við þeim. Í ágústmánuði árið 2006 barst vefnum spurning frá manni að nafni Sigurður þar sem hann veltir fyrir sér barnsskírninni og réttmæti hennar í ljósi þess að hvergi er hægt að benda á hana í *Bíblíunni*. Sr. Bryndís Malla Elíðóttir svarar honum á þessa leið:

[...] barnaskírn samræmist boðun Bíblíunnar því það gerir hún svo sannarlega. Þó vissulega sé það rétt að við getum ekki bent á dæmi þar sem börn eru skírð í Bíblíunni þá er þó vísað til þess í Postulasögunni þar sem segir í 16. kafla versum 32-34: “Og þeir fluttu honum orð Drottins og öllum á heimili hans. [...] og var hann þegar skírður og allt hans fólk. Síðan fór hann með þá upp í hús sitt þar þeim mat, og var hann og allt heimafólk hans fagnandi yfir því að hafa tekið trú á Guð.” Þarna má gera ráð fyrir að börn hafi ekki verið undanskilin, þó vissulega sé það aðeins ályktun út frá orðunum. En þarna er kannski líka lýst einni af fyrstu skírnarveislunum! Lengi vel var skírn fullorðinna mun algengari í kirkjunni og fylgdi trúarafstöðu og afturhvarfi manna en þegar kirkjan hafði unnið sér sess

⁴⁴ http://www.watchtower.org/ic/bh/article_18.htm. síðast skoðað 3. febrúar 2011.

á ákveðnum svæðum þá varð barnaskírinn þar ríkjandi. Ef við reynum að miða við einhvern tíma getum við sagt með vissu að þegar komið var fram á miðaldir þá var skír barna hið algildi (svo) í kirkjunni nema á kristinboðssvæðum.⁴⁵

Þarna bendir Sr. Bryndís á að ekki sé hægt að benda á dæmi þess að börn hafi verið skírð í *Bíblíunni* dregur hún samt ályktun sína um barnaskírnn út frá sögn þar sem sagt er frá skírnn alls heimilisfólksins á heimili einu. Rök Sr. Bryndísar fyrir barnaskírnninu eru ekki sterk og í raun athyglisvert að svona stór þáttur í kristnu samfélagi í nútímanum skuli ekki eiga sér fastari rætur í *Bíblíunni*, bókinni sem kristin trúarbrögð eru byggð á. Sé tilvitnunin skoðuð áfram má sjá að allt heimafólk fagnaði því að hafa tekið kristna trú. Sé þetta rétt þá hefur allt heimafólkið verið komið á fullorðinsár því lítil og ómálga börn fagna ekki atburðum á þennan hátt, þau hafa hvorki þroska né getu til þess. Í lok tilvitnarinnar er svo sagt að „þegar kirkjan hafði unnið sér sess á ákveðnum svæðum þá varð barnaskírinn þar ríkjandi“. Því má ætla að þegar búið var að kristna samfélagið og fullorðnir einstaklingar þess verið búnir að skírast inn í kristna trú, þá hafi barnaskírinn tekið við án þess að menn gætu bent á nein rök fyrir því í *Bíblíunni*.

Í dæmunum hér að ofan má sjá að kristin trúfélög eru ósammála um framkvæmd skírnnarinnar og þann þekkingarlega grunn sem einstaklingnum ber að hafa til þess að geta öðlast skírnn, en þau eru samt öll sammála um þá grundvallarhugmynd að einstaklingnum beri að skírast inn í kristna trú til að verða þátttakandi í kristnu samfélagi. Þau greinir þó einungis á um hvenær framkvæma eigi athöfnina og hvort það sé ákvörðun einstaklingsins sjálfs eða foreldra hans.

III. 2 Skemmri skírnn, Neyðarskírnn

Á miðöldum átti að framkvæma skemmri skírnn - neyðarskírnn ef óttast var um líf barnsins.⁴⁶ Í „Kristinna laga þætti“ í *Grágás* eru fyrirmæli vegna neyðarskírnnar á þessa leið: „Karlmaður á skírnn að veita barninu, en ef hann kann eigi orð til eða atferli, er rétt að kona kenni honum. Því aðeins skal faðir barns veita skírnn barni ef eigi eru aðrir menn til.“⁴⁷ Faðir átti þó ekki að skíra barn sitt en ef enginn annar var til taks og hann

⁴⁵ http://tru.is/svor/2006/08/barnaskirn_og_biblian, síðast skoðað 8. febrúar 2011.

⁴⁶ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“ í *Íslensk þjóðmenning*, V. b., bls. 314.

⁴⁷ „Kristinna laga þáttur“ í *Grágás*, bls. 3.

sá eini sem gat framkvæmt skírninguna. Í kjölfarið átti hann að skilja við sæng konu sinnar og bíða úrskurðar biskups um það hvort hjónabandið mætti standa áfram.⁴⁸ Betra þótti að sjö vetra drengur skírði barnið en kona og hugsanlega yngri drengur ef hann kunnði bæði *Pater noster* (faðirvorið) og *Credo in deum* (trúarjátninguna). Bar öllum sem orðnir voru tólf vetra af hvoru kyni sem var að kunna að skíra barn ef til neyðar kæmi.⁴⁹ Virðist það helsti tilgangur konunnar að læra barnsskírningarorðin til að geta miðlað þeim til karlmanns ef kæmi til skírnar því að kona átti ekki að skíra barn nema enginn annar kostur væri.

Að kona ætti ekki að skíra barn breyttist eftir siðbreytingu því Kristján III og ráðgjafar hans í kirkjumálum litu svo á að eðlilegt væri að ljósmóðirin skírði börn neyðarskírningu.⁵⁰ Þessi breyting virðist hafa tekist vel því algengt varð að komur skírðu börn og má sjá af svörum spurningalista þjóðháttadeildar sem sendur var út árið 1963⁵¹ að konur framkvæmdu oft skemmri skírningu.⁵²

Sumir trúðu því að veikburða barn mundi hressast við það að hljóta skemmri skírningu en flestir vildu með skírningu tryggja barninu vist í himnaríki eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

Skemmri skírningu mátti ljósmóðir gera, ef barnið var veikburða og hélt að það mundi ekki lifa. Því var trúað að barnið færi ekki til himnaríkis, ef það var ekki skírnt. Það var ekki að menn trúðu að það myndi hressast, heldur bara að tryggja barni inngöngu í himnaríki. Það þótti fólki sárast, ef barn dó óskírnt.⁵³

Hér má ljósmóðir framkvæma skírninguna og er ekki að sjá að það hafi þótt neitt óvenjulegt þannig að hugmyndir fólks frá aldamótunum 1900 virðast ekki mótast af því að karlmaður, drengur verði að framkvæma athöfnina. Af þeim svörum sem ég skoðaði sögðu sextán að ljósmóðir framkvæmdu skemmri skírningu, tveir sögðu að faðir barnsins skírði en einn sagði að stórbóndi ætti að framkvæma athöfnina.⁵⁴ Af þessum dæmum

⁴⁸ Hjalti Hugason, *Kristni á Íslandi*, bindi 1. bls. 375. „Kristinna laga þáttur“ í *Grágás*, bls. 3.

⁴⁹ Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, bls. 118.

⁵⁰ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“ í *Íslensk þjóðmenning*, V. b., bls. 316-317.

⁵¹ Í þeim spurningalistum sem sendir voru út 1963 eru algeng fæðingarár svarenda 1890-1910.

⁵² Þeir sem svöruðu spurningarlistum þjóðháttadeildar árið 1963 voru flestir fæddir á árunum 1890-1910 og því miðast svör þeirra við tímarnum 1900-1963.

⁵³ Spurningalisti þjóðháttadeildar nr. 10, svar nr. 7952, kvk. f. 1893.

⁵⁴ Svör við spurningarlistum þjóðháttadeildar nr. 10. 56 og 105.

má sjá að eftir aldamótin 1900 virðast þær hugmyndir um að eingöngu karlmaður, drengur mætti framkvæma skemmri skírni og að faðir barnsins mætti það alls ekki vera horfnar úr íslenskri alþýðutrú.⁵⁵

Í dag er það enn svo að barn er skírt skemmri skírni sé óttast um líf þess, með því er barnið vígt inn í kristið samfélag eins fljótt og unnt er. Í könnun sem höfundur gerði á veraldarvefnum og fjallað er um hér að neðan sagði einn af 201 svarendum að barn sitt hefði hlotið skemmri skírni. Hún lét fylgja með eftirfarandi athugasemd:

Fyrsta barn á spítalanum þar sem ekki var vitað hvort hann lifði af, hann var svo "skírður" aftur (blessaður) í kirkjunni þegar við komum heim og þá var allri fjölskyldunni boðið.⁵⁶

Hér er barnið skírt á spítalanum en er svo blessað í kirkju þar sem allir fjölskyldumeðlimir voru viðstaddir. Af þessu má sjá að þessum svaranda þótti ekki nóg að láta skíra barnið inn í kristið samfélag og láta þá vígslu nægja. Hún endurtók skírniina í formi blessunar með fjölskylduna nálæga þar sem barnið var í raun vígt inn í samfélag fjölskyldunnar með þeim athöfnum og táknum sem tilheyra vígslum af þessu tagi.⁵⁷

III. 3 Heimaskírni

Eins og fjallað hefur verið um hér að framan í kafla II.4 var það bundið í lög að börn skyldu vera færð til kirkju til skírnar en þrátt fyrir það virðast heimaskírni lengi hafa verið við lýði. Framan af mátti eingöngu skíra barn heima ef óttast var um líf barnsins en síðan var fallið frá á þessum kröfum með eftirfarandi tilskipun frá alþingi 27. júlí 1771:

⁵⁵ Svar Hjalta Hugasonar, professor í guðfræði við HÍ við spurningu minni um hvenar konur fengu leyfi til að skíra börn er eftirfarandi: Varðandi heimild kvenna til að skíra skemmri skírni þá er ljóst að það áttu þær aðeins að gera í fullkominni neyð á miðöldum. Eftir siðbreytingu breytist þetta og fyrirmæli þar að lútandi koma inn í „erindisbréf“ yfirsetukvenna. Tölvupóstur, 28. apríl 2011.

⁵⁶ Barnaland.is, 7. febrúar 2011, notendanafn: Zwandyz8

⁵⁷ Fjallað er um tákni skírnarinnar í kaflanum IV. Tákn skírnarinnar hér að neðan.

[...] höfum Vér allramildilegast ákveðið [...] að foreldrnir skuli vera sjálfráðir um það, eftir því sem heilsa barnsins og ástæður útheimta, bæði hvort þau láta skíra það heima, en prestur má eigi synja um það, ef hann er þess beðinn, og hvort þau síðan bera það í kirkju, ef það verður gert án þess að lífi barnsins eða heilbrigði sé stofnað í hættu; foreldrunum skal þó eigi vera skylt að gera það innan nokkurs tiltekins tíma [...]⁵⁸

Hér er slakað á þeirri tilskipun að fólk yrði að færa barn sitt til skírnar í kirkju og foreldrum gefið vald til að ákveða sjálft hvar skyldi skíra barnið. Ekki er þó fólki gefinn rýmri tími því á þessum tíma bar fólki að láta skíra barn sitt innan sjö daga (sjá kafla II.4).⁵⁹ Þessi tilskipun hefur þó haft ákveðið frelsi í för með sér því fólk gat loksins látið skíra heima án þess að fara í kringum fyrri tilskipun og gera eitthvað sem ekki var samþykkt af samfélaginu. Ef skírt var heima gat móðirin einnig verið viðstödd því hún lá enn á sæng er barnið var skírt. Má ætla að þetta hafi verið mikilvægt sérstaklega fyrir hana þar sem hún gat fylgst með og verið þátttakandi í athöfninni. Einnig auðveldaði þetta fyrirkomulag fólki að láta skíra börnin sín því ekki þurfti að fara með þau út í vond veður og um langa leið til kirkju, heldur kom presturinn heim og átti hann auðveldara með ferðalagið en hvítvoðungur.⁶⁰

Nú orðið er algengt að fólk láti skíra börnin sín í heimahúsi og margar fjölskyldur þekkja ekki annað. Sumum finnst ákveðin þægindi að þurfa ekki að fara með ungbarnið út af heimilinu og einnig er ákveðinn hátíðleiki yfir því að skíra heima og gera heimili að helgireit um stund. Hér á eftir í kafla III.5 er fjallað um könnun sem höfundur gerði og kannaði hvar fólk lét skíra börn sín. Í athugasemdum sem fylgdu könnuninni sögðu nokkrir svarendur sem skírt höfðu heima frá því hvers vegna þeir völdu heimaskírn, hér eru nokkrar af þeim:

Hef í bæði skiptin skírt heima. Finnst það voða þægilegt því þá þarf maður ekki að fara út með krílið...það getur nefnilega tekið óratíma.(lam)

Í bæði skiptin heima, mér finnst það svo hátíðlegt og skemmtilegt (klokkeblomst).

Í fyrra skiptið létum við skíra í barnamessu en seinna skiptið var barnið skírt heima. Það var æðislegt!! (polo).

⁵⁸ <http://www.kirkjan.is/node/8064>, síðast skoðað 8. febrúar 2011.

⁵⁹ Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*, bindi III, bls 252.

⁶⁰ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“ í *Íslensk þjóðmenning*, V. b., bls. 316-317.

Eldri dóttirin var skírð í kirkju en sú yngri heima. Ef ég eignast fleiri börn hugsa ég að ég hafi þetta aftur heima, fannst það svo þægilegt (örlaganorn).⁶¹

Af þessu má sjá að þessum svarendum þykir það betri kostur að láta skíra barnið heima, það séu ákveðin þægindi fólgin í því að þurfa ekki að fara út með barnið. Svo er það einnig hátíðlegt að hafa athöfnina á heimili einstaklingsins.

III. 4 Kirkjuskírni

Hvort sem barn er skírt inn í þjóðkirkjuna heima eða í kirkju er athöfnin sú sama, það er sama sakrament, sama vígslan sem barnið tekur. Börn eru ýmist skírð í almenntri guðþjónustu, barnaguðþjónustu eða fá sér athöfn fyrir skírni barnsins. Þegar sérstök skírnarathöfn er haldin í kirkju þá eru eingöngu nánasta fjölskylda og vinir viðstaddir athöfnina svipað því og væri skírt heima.

Kirkjuskírni mun þó vera algengasta tegund skírniar í dag eins og var fyrr á öldum en samkvæmt könnuninni sem höfundur gerði og sagt verður frá í næsta kafla láta 42% svarenda skíra börn sín í kirkju. Ef frá eru teknir þeir sem ekki láta skíra börn sín þá hækkar hlutfallið í 51% af skírðum börnum. Sumum þykir skírni eiga heima í kirkju og hvergi annarsstaðar. Ein sem svaraði könnuninni sagði:

Í skírni er verið að taka barnið inn í kristið samfélag, eða eins og segir á vef þjóðkirkjunnar "Í heilagri skírni er skírniþegi tekinn inn í kirkju Krists". Og þess vegna fannst okkur mikilvægt að skíra í kirkju.⁶²

Þetta viðhorf er þó ekki mjög útbreitt því flestir svarendur könnunarinnar eru á þeirri skoðun að barnið er jafnmikið skírt inn í samfélag og kirkju Krists hvar sem athöfnin fer fram.

⁶¹ Barnaland, könnun 1, notendanafn hvers svaranda er í sviga aftan við tilvitnunina. Svörin voru tekin eins og þau birtust, engu var breytt þrátt fyrir málfræði- og innsláttarvillur.

⁶² Barnaland.is könnun – svarandi „Heiðlóa” síðast skoðað 18. feb 2011.

III. 5 Hvar lést þú skíra barnið þitt?

Hér að ofan hef ég fjallað um rætur, staðsetningu og form skírnar aðallega út frá rituðum heimildum og í framhaldi af því langaði mig að forvitnast um hvernig ákveðnir þættir skírnarinnar væru í íslensku samfélagi í dag. Á veraldarvefnum eru ýmsir umræðuvefir þar sem fólki gefst tækifæri til að tjá sig um það sem skiptir það máli, viðra skoðanir sínar og velta skoðunum annara fyrir sér. Þar er hægt að fylgjast með og skoða hugmyndir fólks um samfélagið sem það er hluti af og hvaða viðhorf, skoðanir og hefðir eru viðurkenndar af samfélaginu á þeim tíma sem umræðan fer fram. Í raun mynda þessir umræðuþræðir einskonar samtal nokkura einstaklinga um ákveðin mál sem þó er opið öllum. Á vefnum www.barnaland.is⁶³ sem stofnaður var árið 2000, er umræðuvefur þar sem hægt er að stofna umræðuþráð, varpa fram spurningu eða fullyrðingu og líður ekki á löngu þar til virk umræða hefur skapast um viðkomandi efni. Því er hægt á einfaldan hátt að fá fram ólíkar skoðanir og viðhorf til ýmissa mála. Þó verður að hafa í huga að eingöngu ákveðinn hópur innan samfélagsins er virkur á þessum umræðuvefjum en samt má ætla að það sé einhver þverskurður af samfélaginu og gefi því nokkra mynd af því sem um ræðir. Á www.barnaland.is er einnig hægt að setja inn skoðanakönnun þar sem notendur síðunnar geta svarað spurningum sem settar eru inn og varða það efni sem verið er að skoða. Þess vegna var ákveðið að setja inn könnun þar sem spurt var um hvar börn hefðu verið skírð.

Ætla má að notendahópur síðunnar séu foreldrar með ung börn og því er líklegt að þetta séu allt einstaklingar sem nú á síðustu árum hafa þurft að standa frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort þeir ætli að láta skíra barn sitt. Könnuninni getur hver notandi aðeins svarað einu sinni og aðeins hakað við einn möguleika. Vilji svarandi könnunarinnar koma frekari upplýsingum á framfæri eða þyki gefnir svarmöguleikar ekki ná yfir skoðanir sínar getur viðkomandi skrifað hugsanir sínar og skoðanir í umræðuþráðinn sjálfan og komið þannig viðhorfum sínum á framfæri. Þann 6. febrúar

⁶³ Upplýsingar um vefinn teknar af vefnum sjálfum: Á barnalandi er lögð áhersla á upplýsingar fyrir verðandi og nýbakaða foreldra sem eru að stíga sín fyrstu skref í foreldrahlutverkinu. Þar er að finna upplýsingar um allt milli himins og jarðar sem viðkemur foreldrahlutverkinu ásamt líflegu umræðuhorni þar sem foreldrar geta leitað ráða og deilt reynslu sinni. Fjöldmörg börn og fjölskyldur eiga sína eigin heimasíðu á barnalandi og daglega bætast fleiri fjölskyldur í hópinn. Síðast skoðað 27. apríl 2011.

2011 kl. 00.10 setti höfundur eftirfarandi könnun inn á vefinn www.barnaland.is til gagnaöflunar fyrir ritgerðina og var könnunin virk í tvo sólarhringa:

Hvar lést þú skíra barnið þitt?

Í kirkju?

Í heimahúsi?

Á sjúkrahúsi?

Skemmri skírn?

Lét ekki skíra barnið?

Eins og sjá má vísa spurningarnar einungis til eins barns því ekki var hægt að hafa ólíka svarmöguleika eftir fjölda barna. Ef fólk hafði valið ólíkar leiðir við skírn barna sinna gátu þeir komið því á framfæri í umræðuþræðinum eins og sagt var frá hér að ofan. Þegar tveir sólarhringar voru liðnir og könnunin orðin óvirk þá var niðurstaðan svohljóðandi:

Hvar lést þú skíra barnið þitt?

Í kirkju	87
Í heimahúsi	79
Á sjúkrahúsi	5
Skemmri skírn	1
Lét ekki skíra barnið	35
Samtals	207

Af þessari könnun má sjá að ennþá er það algengast að börn séu færð til skírnar í kirkju en skírn í heimahúsi er ekki langt undan. Athyglisvert er að sjá að 35 foreldrar taka þá ákvörðun að láta ekki skíra barn sitt. Í athugasemdum segir notandi sem kallar sig „Sygyn” að sér finnist: „Þetta vera ákvörðun sem er ekki foreldranna að taka“ en svo heldur hún áfram og segir: „Nafngjöfin fór samt heima hjá mömmu minni” (svo). Því má gera ráð fyrir að þrátt fyrir að foreldrar láti ekki skíra börnin sín finnist þeim samt þörf á að halda einhverskonar nafnveislu og virðist því sumt fólk hafa þörf fyrir að vígja barnið inn í samfélagið með einhverskonar hátíð. Ljóst er af þessu að þó að menn séu ekki trúaðir finnst þeim tilefni til að halda upp á nafngjöf. Af þessu tilefni er haldin

hátíð þótt ekki sé um kristilega skírni að ræða. En þegar hátíð af þessu tagi er haldin er notast við ýmis tákni sem tengjast hefð, trúarlegum eða veraldlegum. Þau gera oft atburðinn að þeirri hátíð sem hún er því þau bera með sér ákveðna helgi þó að menn séu jafnvel ekki eins kristnir og áður.

III.6 Skírnarathöfnin

Skírnarathöfnin er alltaf samskonar hvort heldur skírt er heima eða í kirkju. Skírt er í nafni föður og sonar og heilags anda, í hreinu vatni sem sett er í ákveðið ílát eða skírnarfont.⁶⁴ Vatni er ausið þrisvar yfir höfuð skírnarþega um leið og nafn hans er nefnt.⁶⁵ Því er nafn hans blessað á þessari stundu hvort sem það hefur verið opinbert áður eða ekki. Fjölskylda þess sem skírður er standa við skírnarfontinn ásamt presti, barni og skírnarvottum en þeir eru vottar að athöfninni og fulltrúar kristins safnaðar sem ábyrgist að barnið hljóti uppfræðslu í trú og bæn kirkjunnar. Prestur vígir skírnarvatnið því máttur vatnsins mun vera í orðum guðs „því að án guðs orðs er vatnið algengt vatn og engin skírni; en með guðs orði er það skírni“⁶⁶

Skírnarvottarnir eiga að vera minnst tveir en mest fimm, þeir mega þó ekki vera yngri en um fermingu⁶⁷ Þrátt fyrir að hér sé getið um ákveðnar skyldur skírnarvotta virðast þær ekki hafa verið öllum ljósar eins og sjá má af eftirfarandi svörum spurningalista þjóðháttadeildar:

Ekki er mér kunnugt um hvort þetta fólk taldi sig hafa nokkrar skyldur gagnvart þeim börnum sem það var skírnarvottar að en mig minnir að það sé í einhverri gamalli kirkju formáli að því séu lagðar einhverjar skyldur á herðar gagnvart börnunum en ég held að það hafi nú aldrei þurft að koma til með það.⁶⁸

Foreldrar ákváðu sjálfir hverjir eða hver var guðfaðir eða móðir barnsins og voru ekki neinar hefðir bundnar því vali t.d. voru tveir bræður skírnarvottar þegar hún var skírð og

⁶⁴ Sjá í kafla IV. 3. Skírnarfonturinn og hið vígða vatn.

⁶⁵ Sjá í viðauka 3.

⁶⁶ Helgi Hálfðánarson, *Helgakver*, bls. 78.

⁶⁷ Sjá í viðauka 3.

⁶⁸ Spurningalisti þjóðháttadeildar, nr. 56, svar nr. 6753, kvk. f. 1909.

voru þeir alls óskyldir henni. Ekki höfðu guðforeldrar neinar sérstakar skyldur gagnvart barninu.⁶⁹

Skírnarvottar úr fjölskyldunni oftast. Skírnarvottar eru viðstaddir og biðja fyrir barninu. Engin sérstök tengsl á eftir.⁷⁰

Samkvæmt þessum svörum virðast þær skyldur og ábyrð sem felst í því að vera skírnarvottur ekki vera almenn þekking fólks.

Foreldrar þurfa að velja skírnarvotta fyrir barnið sitt og þótti það ákveðin virðingarstaða að vera valin sem vottur og ekki sama hver var eins og kona úr Grundarfirði fædd 1908 segir frá:

Ég man að það var amma eða föðursystir eða móðursystir sem hélt undir skírn og þótti það virðingarstaða og ég held það þyki enn því alltaf er spurt innan fjölskyldu eftir skírn hver hélt á barninu ekki síður en hver skírði barnið [...]Ég man að lítill bróðir minn var skírður með litlum undirbúningi af því að tveir mektarmenn úr Reykjavík voru næturgestir hjá okkur, þá áttu þau heima í sveit foreldrar mínir. Ákveðið var að skíra til að geta fengið þessa menn sem votta. Ég man að annar þessi maður var Alexander Jóhannesson prófessor og hinn einhver álfka og á þessu má sjá að ekki þótti sama hver var.⁷¹

Hún vísar til þess að alltaf sé spurt um hver sé skírnarvottur og það sé því ekki síður virðingarstaða en að halda á barninu. Það er þó áhugavert að sjá hversu mikilvægt það var foreldrum hennar að fá mektarmenn úr Reykjavík sem votta fyrir barn sitt. Það má því segja að skírnarvottarnir séu ákveðin tákni skírnarinnar ásamt þeim veraldlegu sem fjallað verður um í næsta kafla. Þegar prestur hefur farið með skírnarorðin eys hann vatni þrisvar á koll barnsins í viðurvist gesta og skírnarvotta. Með þessari handayfirlagningu öðlast barnið heilagan anda og hefur hlotið skírn.⁷²

IV. Tákni skírnarinnar

Eins og bent var á hér að ofan þurfa ýmsir hlutir að vera til staðar þegar skírnarathöfn á sér stað. Fyrir utan barn, prest og skírnarvotta hafa ákveðnir veraldlegir hlutir þótt

⁶⁹ Spurningalisti Þjóðháttaeildar, nr. 56, svar nr. 8064, kvk. f. 1903.

⁷⁰ Spurningalisti Þjóðháttaeildar, nr. 105, svar nr. 14666, kvk. f. 1954.

⁷¹ Spurningalisti Þjóðháttaeildar, nr. 56, svar nr. 6793, kvk. f. 1908.

⁷² Sjá kafla Skírn til kristni. II.3.

ómissandi, svo sem skírnarkjöll og skírnarfontur sem hið helga vatn er sett í. Skírnarkjöllinn og skírnarfonturinn eru veraldlegir hlutir sem tekið hafa á sig ákveðna helgi vegna þess hvernig þeir hafa verið notaðir í gegnum tíðina ekki bara í kirkjum heldur einnig í heimahúsum. Oft eru fjölskyldur búnar að koma sér upp ákveðnum hefðum í kringum skírn barna innan fjölskyldunnar, svo sem að nota alltaf sömu skálina sem skírnarfont, hafa ákveðinn dúk undir fontinum eða ákveðna kertastjaka hjá honum. Fari skírnin fram heima þá velja aðstandendur barnsins hvar athöfnin skal fara fram og nota sömu tákni skírnarinnar og notuð eru í kirkju, þ.e. skírnarfont fyrir helga vatnið, kertaljós fyrir ljós lífsins og hvítan kjól fyrir hreinleika sálarinnar við endurfæðingu. Það má því segja að fólk setji upp ákveðinn helgireit inni á heimili sínu fyrir athöfnina sjálfa.

Sem dæmi um hvernig hlutur fær ákveðna helgi má sjá á eftirfarandi lýsingu. Móðir höfundar átti afar fallega kristalskál sem hún notaði alltaf undir ananasfrómasinn á jólunum og var skálin í raun tákni fyrir ákveðinn þátt jólahátíðarinnar og hafði yfir sér ákveðna helgi vegna þess. Þegar við hjónin eignuðumst frumburð okkar spurði ég móður mína hvort ég mætti fá þessa fallegu skál sem skírnarfont þegar drengurinn minn yrði skírður. Það var auðsótt mál og fékk skálin ákveðin heiðursess ofan á fallega dúknum hennar ömmu Guðrúnar og á milli kertastjakanna hennar ömmu Dóslu.⁷³ Að skírn lokinni notaði móðir mín áfram skálina undir frómasinn. Þegar annað barn okkar var skírt var sama borðið sett upp með sama dúknum, kertastjökunum og skálinni. Allt var eins og hjá frumburðinum og engu mátti breyta. Þegar kom að því að skíra þriðja barn okkar kom móðir mín til mín með skálina og sagði að best væri að ég tæki hana því hún gæti ekki hugsað sér að bera fram ananasfrómasinn í skírnarfonti barnanna minna. Með þessari ákveðnu notkun skálarinnar og sögu hennar hafði hún breyst úr því að vera falleg kristalsskál í það að vera tákni skírnarinnar innan fjölskyldu minnar, ekki þótti lengur viðeigandi að nota skálina undir hvað sem var. Skálin er nú geymd uppi á efstu hillu þar sem minnstar líkur eru á að hún verði fyrir hnjaski, hún er ekki notuð heldur er eingöngu horft á hana og dáðst úr fjarlægð að fallega skírnarfontinum. Í raun hefur skálin misst upphaflegt notagildi sitt með þessari

⁷³ Amma Guðrún er Guðrún Helgadóttir f. 1914, d. 1978. Amma Dósla er Dagmar Hannesdóttir f. 1921, d. 1995.

tákngervingu. Má segja að það sama hafi gerst í kirkjum í gegnum tíðina og í mörgum heimahúsum.

IV. 1 Skírnarkjöllinn

Þegar skírn fer fram í heimahúsi í dag er skírnarfonturinn yfirleitt falleg skál sem í flestum tilfellum hefur margskonar notagildi eins og hafði verið hjá okkur. Sá er munurinn á kjólnum og skálinni að í okkar samfélagi hefur skírnarkjöllinn það eina hlutverk að vera skírnarkjöll, hann er ekki klæðnaður sem notaður er við önnur tilefni, en skálin er oft notuð fyrir allt mögulegt. Kjöllinn er keyptur, saumaður eða þrjónaður með þann tilgang einan að vera tákn skírnarinnar, það á hvorki að nota hann á undan né eftir nema þá fyrir önnur börn við samskonar athöfn. Því má segja að skálin ávinni sér sína helgi með notkun við vissar aðstæður en helgi kjólsins er alltaf til staðar, eða allt frá því hann er fyrst notaður, því hann er valinn með þennan eina tilgang í huga.

Skírnarkjöllinn er undantekningarlaust hvítur eða ljós sem er litur hreinleika, og kjöllinn táknar því hreinleika þess einstaklings og sálar hans sem færður er til skírnar, og endurfæðist hreinn og óflekkaður af fyrri syndum.⁷⁴

Notkun skírnarkjóls er þó breytileg eftir löndum og hann hefur ekki verið notaður með sama hætti alls staðar og á öllum tímum, þótt segja megi að hann hafi ekki annan tilgang hérlendis en að vera skírnarkjöll. Í grein sinni „The Rise and Fall of the Long White Baby Dress“⁷⁵ rekur Leslie Bellais sögu hvíta, síða kjólsins í Bandaríkjunum, hvernig hann þróaðist úr því að vera daglegur klæðnaður ungra barna yfir í að vera einkennandi klæðnaður fyrir skírnarathöfn barnsins. Bellais segir að börn hafi alla jafna verið klædd í hvítan, síðan kjól í Bandaríkjunum og hafði hann margskonar mismunandi tilgang, svo sem að halda hita á barninu því hægt var að vefja kjólnum um barnið. Væri barnið í síðum kjól þurfti ekki heldur að klæða barnið í sokka og skó. Það sást fljótt á hvíta efninu og hvatti það móðurina til að þvo kjöllinn oftar en ef hann var litaður, og síðast en ekki síst hafði kjöllinn letjandi áhrif á hreyfipörf

⁷⁴ Í bókinni *Saga daganna* eftir Árna Björnsson bls. 327 segir: „að Jesús hafi í rauninni ekki orðið guðlegur fyrr en með skírninni þegar erfðasyndin var þvegin af honum“.

⁷⁵ Bellais, „The Rise and Fall of the Long White Baby Dress, í *The Wisconsin Magazine of History*, bls. 40-44.

barnanna sem fóru því hvorki að skríða né ganga of snemma. Þegar fram liðu stundir þótti hvíti, síði kjóllinn óhagkvæmur og þægilegri fatnaður tók við sem daglegur fatnaður og hvíti kjóllinn varð í framhaldi af því aðeins ták skírnarinnar.⁷⁶ Ekki er þó hægt að heimfæra þróun kjólsins í Bandaríkjunum beint upp á þróun kjólsins á Íslandi. Það má þó segja að kjóllinn sem Íslendingar þekkja sem skírarkjól sé með sama sniði og síði, hvíti kjóllinn sem lýst er hér að framan.

Sá skírarkjól sem við þekkjum best er yfirleitt mjög síður, oft tvöföld lengd barnsins og má sjá í svörum við spurningalistum Þjóðháttadeildar að fólk taldi ástæðu þess vera „að barnið á eftir að vaxa í trúnni“.⁷⁷ Því má segja að hugmyndir fólks hér heima um síða, hvíta kjóllinn hafi fyrst og fremst verið bundnar við táknaðan þátt kjólsins, að hann sé ták skírnarinnar og trúarinnar.

Áður fyrr var skírarkjóllinn síður en einnig oft íburðarmikill allavega í Bretlandi og fór íburður hans oft eftir efnahag fólksins eins og Stella Blum segir frá í grein sinni „Costume Institute“

By the sixteenth century, however, the ceremonial dress of the baby was seen as a reflection of the wealth and prestige of the family. [...] What evolved is the christening robe with its short sleeves, wide neckline, loosely fitted bodice, and overly long skirt. It is still in use for this purpose today.⁷⁸

Stéttamunur af þessu tagi sést einnig hér á Íslandi eins og sjá má af orðum konu úr Eyjafirðinum, fæddri 1916: „Oft voru til á efnað (svo) heimilum sérstök skírnarföt, oftast kjóll fallega unnin,(svo) útsaumaður eða úr blúnduefni.“⁷⁹ Þótt kjólarnir hafi verið mismunandi eftir stétt þá voru þeir notaðir í einhverju formi af öllum stéttum. Eins og bent var á í inngangi hefur Þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins sent þrisvar sinnum út spurningalista þar sem spurt er um skírn. Listarnir voru sendir út árin 1963, 1983 og 2003. Flestir svarendur könnuðust við skírnarföt eða skírarkjóla þrátt fyrir að listarnir séu sendir út á löngu tímabili. Má af þessu sjá að skírarkjóllinn virðist hafa verið þekkt ták skírnarinnar um langt skeið.

⁷⁶ Bellais, „The Rise and Fall of the Long White Baby Dress,“ í *The Wisconsin Magazine of History*, bls. 40-44.

⁷⁷ Spurningalisti Þjóðháttadeildar nr. 105, svar nr. 14723, kvk. f. 1947.

⁷⁸ Blum, „Costume Institute,“ í *Notable Acquisitions*, bls. 36.

⁷⁹ Spurningalisti Þjóðháttadeildar nr. 10, svar nr. 5720, kvk. f. 1916.

Saga kjólsins sem barnið er skírt í virðist vera fólki mikilvæg þar sem kjólarnir ganga oft á milli barna innan fjölskyldna og eiga sér sögu og hafa tilfinningalegt gildi fyrir viðkomandi fjölskyldu. Í *Morgunblaðinu* 30. okt. 2006 er viðtal við Kristínu Friðriksdóttur um skírnarkjól sem hefur verið í fjölskyldu hennar í 120 ár. Hún segir þar frá kjólnum sem saumaður var fyrir skírn föður hennar sem fæddur var árið 1886 en kjóllinn hefur verið notaður við skírn 62 barna innan fjölskyldunnar síðan.⁸⁰ Þetta er saga margra skírnarkjóla þótt saga flestra þeirra sé mun styttri. Kona fædd 1908 segir svo í svari sínu við spurningalista þjóðhátadeildar:

Móðir mín keypti tilbúinn skírnarkjól á fyrsta barnið sem var drengur og í febrúar í vetur hefði hann orðið áttæður. En kjóllinn er til enn. Þegar ég flutti útá land 1928 þá gift kona og átti von á mínu fyrsta barni af 7 gaf móðir mín mér skírnarkjólinn. [...] Flest af hennar 13 börnum notuðu þennan kjól [...] mín börn voru skírð í kjólnum sem áður er getið og sem ég var seinast sjálf í er ég hlaut mitt nafn og hefur saga kjólsins allstaðar verið sögð og alltaf hafa árin bæst við en hann er alltaf eins og fyrir 3 árum var barnabarnabarn mitt, það 12 í röðinni, skírt í honum í Setbergskirkju í Grundarfirði og hélt ég henni. Þar höfðu foreldrar telpunnar verið skírð sama mánaðardag fyrir 20 árum og var þá móðirin í kjólnum. Ég hefi varðveitt hann og á silkibönd, blá og bleik, með honum eftir því hvort kynið er sem er að fá nafn sitt.⁸¹

Kjólarnir verða þannig að ákveðnu helgitákni innan fjölskyldunnar, þetta er ekki bara hvítur kjóll heldur á hann sér sögu og þrátt fyrir þá helgi sem kjóllinn ber með sér strax í upphafi, eykst hún við hverja notkun því saga kjólsins innan fjölskyldunnar styrkir helgi kjólsins. Einnig segir konan frá því að hún eigi mismunandi lit silkibönd til að nota á kjóllinn eftir því hvort kynið er að taka skírn og mun ég fjalla nánar um tákn litanna í næsta kafla.

Þótt hefðin sé sterk innan sumra fjölskyldna þegar notkun skírnarkjólsins er skoðuð fylgja sumum kjólum kvaðir: kjóllinn sem Kristín talar um hér að framan hefur til dæmis aldrei verið þveginn í þvottavél, ekki má geyma hann í plasti og ekki strauja með heitu straujárn. Síðir og hefðir fylgja þessari ákveðnu flík og fólk virðir það. Einnig þekkist það að bók fylgi kjól þar sem rituð eru nöfn þeirra barna sem skírð hafa

⁸⁰ Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, „Skírnarkjól á ferðinni í 120 ár,“ í *Morgunblaðinu*, 30. október 2006.

⁸¹ Spurningalisti þjóðhátadeildar nr. 56, svar nr. 6793, kvk. f. 1908.

verið í kjólnum.⁸² Dæmi eru líka um að þeir sem lána kjólinn vilja að nöfn þeirra barna sem skírð eru í kjólnum séu saumuð í hann áður en honum er skilað.⁸³ Í Kristeligt Dagblad í Danmörku þar sem fjallað er um skírmarkjólinn segir að: „Nogle af dragterne er op til 100 år gamle og har ofte de mange navne på børnene, som har brugt kjolen, broderet på.“⁸⁴ Því þekkist sá siður að sauma nöfn barnanna í kjólinn víðar en hér, sé þetta gert þá verður kjóllinn sjálfur lifandi heimild um þá sem hafa notað hann.

IV. 2 Tákn litanna

Eins og sagt hefur verið frá hér að ofan er skírmarkjóllinn oftast hvítur en einnig eru kjólarnir oft skreyttir með síðum borðum í lit sem táknar kyn barnsins þ.e. bleikt fyrir stúlkubarn og blátt fyrir dreng. Kona fædd 1893 segir svo frá þeim skírmarkjólum sem hún þekkti til:

Skírmarkjólarnir voru reglulega fínir, blúndustoff og hvítt léreft. Á stúlkum voru bleikir borðar, en á bláir á piltbörnum, bundnir um mittið og látnir lafa niður því kjólarnir voru síðir, langt niður fyrir fætur.⁸⁵

Þarna sést að borðarnir bera liti kynja barnanna, sömu tákn og við þekkjum í dag þegar ungbörn bera kyn sitt utan á sér í formi lita. Okkur þykir eðlilegt í dag að stelpur séu í bleiku og strákar klæðist bláu, hugmyndir okkar um kynbundna liti eru þó einungis eitthvað sem samfélagið hefur komið sér saman um að sé „eðlilegt“. Það að við tengjum bleikan lit stúlkubörnum og bláan drengjum er menningarlega lærd þekking, eitthvað sem samfélagið hefur ákveðið og fólkið viðheldur með því að tileinka sér hefðina. Oft er erfitt að greina kyn ungbarna þegar þau er klædd skírmarkjólum og

⁸² Móðir höfundar keypti skírmarkjól þegar fyrsta barnabarn hennar fæddist og hafa öll barnabörnin hennar sex verið skírð í þeim kjól. Þegar kjóllinn var keyptur var einnig keypt gestabók sem fylgir kjólnum þar sem skráð er hvaða barn er verið að skíra, hvar og hvenær athöfnin fer fram, hvaða prestur framkvæmir athöfnina og að lokum eru gestir látnir skrá nöfn sín og fylgir þessi bók kjólnum. Einnig ber þeim sem nota kjólinn að setja mynd af barninu í kjólnum inn í þessa bók og er hún því sú heimild sem geymir sögu kjólsins.

⁸³ Spurningalisti þjóðháttadeildar nr. 105, 14658, f. 1954.

⁸⁴ <http://www.kristeligt-dagblad.dk/artikel/409371:Kultur--Daabstoej-gennem-300-aar>. Síðast skoðað 28. apríl 2011.

⁸⁵ Spurningalisti þjóðháttadeildar nr. 10, svar nr. 7952, kvk. f. 1893.

eru því skilaboð þess efnis send út með litum, efnum og ákveðnum sniðum en allt er þetta háð sögu okkar og menningu.

Túlkun með litaborðum á skírarkjól virðist einnig þekkjast í Danmörku því í Kristeligt Dagblad segir: En skik, der bliver almindelig fra begyndelsen af 1900-tallet. Nogenlunde samtidig opstår også traditionen med at pynte kjolen med lyserøde eller lyseblå bånd efter barnets køn.⁸⁶ Þarna segir að kjólarnir séu skreyttir í litum eftir kyni barnsins og samkvæmt þessu mun það hafa tíðkast þar frá því um 1900.

Varðandi þessa liti segir Marjorie Garber, prófessor við Harvard-háskóla, segir í *Vested Interests: Cross-Dressing and Cultural Anxiety*:

[...] the common association, pink for a girl, blue for a boy is a recent historical invention: in the early years of the twentieth century, before World War I, boys wore pink (“a stronger, more decided color” according to the promotional literature of the time) while girls wore blue (understood to be “delicate” and “dainty”).⁸⁷

Það er mjög áhugavert að samkvæmt þessu hafi litatákn ungbarna víxlust svo algerlega. Garber segir einnig að strákar hafi klæðst bleiku og stelpur bláu fyrir heimsstyrjöldina fyrri sem stóð yfir á árunum 1914-1918.⁸⁸ Þetta samræmist þó ekki hefðinni hérlendis ef horft er til þess sem svarandi nr. 7952 segir hér að ofan um borðana á skírarkjólunum. Hún tekur sérstaklega fram að stelpurnar væru skreyttar með bleikum borðum og strákarnir með bláum og er hún fædd árið 1893, 21 ári áður en heimsstyrjöldin fyrri hófst. Þrátt fyrir þetta er mjög áhugavert að sjá hvað litir sem tákna kyn ungbarna eru okkur eðlislægir eftir að við höfum lært að túlka þá út frá menningu okkar og hefð.⁸⁹ Það má því segja að skírarkjöllinn sé eitt helsta tákn skírnarinnar. Hin táknin eru skírnarfonturinn og vígða vatnið.

⁸⁶ <http://www.kristeligt-dagblad.dk/artikel/409371:Kultur--Daabstoej-gennem-300-aar>. Síðast skoðað 28. apríl 2011.

⁸⁷ Garber, *Vested Interests: Cross-Dressing and Cultural Anxiety*, bls 15.

⁸⁸ 20. *Öldin* bls. 104-126.

⁸⁹ Í eftirtöldum svörum frá þjóðhátadeild má lesa um bleika borða hjá stúlkum og bláa borða hjá drengjum: listi nr. 10, svar nr. 7952, kvk. f. 1917; listi nr. 56, svar nr. 6793, kvk. f. 1908; listi nr. 105 svör nr. 14666, kvk. f. 1954, nr. 14658, kvk. f. 1954, nr. 14723, kvk. f. 1947, og nr. 14741, kvk. f. 1947.

IV. 3 Skírnarfonturinn og hið vígða vatn

Eins og áður er sagt frá í inngangi er skírnin vígsluathöfn inn í kristið samfélag og fyrir á tímum var skírnarfonturinn hafður rétt innan við kirkjudyrnar sem var táknrænt fyrir vígsluna. Önnur ástæða þess að skírnarfonturinn var við kirkjudyrnar var að þeir sem ekki höfðu hlotið skírn voru taldir vanheilagir eða óhreinir og gátu því saurgað kirkjuna færu þeir inn í hana óskírðir. Eins var þetta í Danmörku því á vefnum kristendom.dk segir að „I oldkirken stod døbefonten ved kirkens indgang som tegn på, at dåben gav adgang til menigheden.“⁹⁰. Skírnarfonturinn við dyrnar var því tákn inngöngu í söfnuðinn. Þetta sést enn í mörgum miðaldarkirkjum á Bretlandi. Þegar bekkir komu í kirkjur og fólk sat í sæti sínu meðan á athöfninni stóð var fonturinn færður innar í kirkjuna svo að skírnin færi fram fyrir framan söfnuðinn.⁹¹ Skírnarfontar í kirkjum í dag eru hafðir á ákveðnum stað, oftast inn við altari kirkjunnar, og eru gjarnan hluti af föstum innviðum kirkjunnar.

Þegar skírt er í heimahúsi þarf þó að velja skál til að nota við athöfnina. Skálin er valin af kostgæfni og er fegursta skálin sem fjölskyldan á oftast notuð til þessa. Stundum er sama skálin notuð oft innan fjölskyldna og hefur hún þá oft en ekki þetta eina hlutverk, að vera skírnarfontur, eins og skál fjölskyldu minnar sem sagt var frá hér að ofan í kafla IV. Í svörum spurningalista þjóðhátadeildar kemur fram að oft notaði fólk skál úr kristal eða silfri⁹² væri hún til, en dæmi voru um það að ef ekki var til skál var notaður diskur.⁹³ Þegar hlutir taka á sig sjálfstæða mynd eins og sú skál sem notuð er sem skírnarfontur vaknar oft einhverskonar hjátrú í tengslum við hlutinn og er ágætt dæmi um það að finna í svári konu, fæddrar 1947, við spurningalista þjóðhátadeildar nr. 105:

⁹⁰ <http://www.kristendom.dk/artikel/268132:Daab--Daabens-historie>. Síðast skoðað 28. apríl 2011.

⁹¹ Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, bls. 116; Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“ í *Íslensk þjóðmenning*, V. b., bls. 131.

⁹² Af svörum við spurningaskrá má sjá að af þeim sem nefna hvernig skál var notuð tala fjórir um kristal en einn um silfur.

⁹³ Spurningalisti þjóðhátadeildar nr. 10 svar nr. 7952, kvk. f. 1917.

Við systkinin vorum öll skýrð úr sömu kristalsskál. Þegar bróðir minn sem er yngstur braut hana sagði mamma „Hana þá verða börnin ekki fleiri“. Skálin var aldrei notuð til annars, stóð alltaf á stofuborðinu.⁹⁴

Þarna leggur móðirin þá merkingu í það óhapp að skálin brotnaði að ekki mundu þeim fæðast fleiri börn og reyndist það rétt því drengurinn sem braut skálina var yngstur af sínum systkinahópi.

Vatnið sem notað er í athöfninni og prestur hefur vígt, hefur löngum þótt hafa ákveðinn mátt til lækninga eða til að fyrirbyggja sjúkdóma. Af þeim svörum sem skoðuð voru töluðu átján einstaklingar um að þeir þekktu þann sið að fólk bar vígt vatn á augu sín eftir skírninga. Flestir töldu að með því að bera vatn að augum sér ætti sjón hjá sjónþöpru eða öldruðu fólki að lagast en þó eru tvö dæmi í svörum spurningalistanna um að vatnið ætti að loka fyrir sýnir inn í annan heim og segir fólkið svo frá:

Því var trúað að skírnavatn væri gott til lækninga við allskonar augnveiki og sjónþöpru. Einnig gat fólk orðið skyggt, ef það þvoði augun úr skírnavatni. Sú sögn var til, að þeim, sem skyggir voru gætu losnað við það mað (svo) því að þvo augun úr skírnavatni.⁹⁵

Væri einhver skyggn og óttaðist sýnirnar, var sett skírnavatn í augu honum, og hurfu þá sýnirnar.⁹⁶

Þessi trú er einnig þekkt úr þjóðsögum og þótti fólki oft mikilvægt að koma börnum sínum til skírnar til þess að loka á þennan heim sem börnunum átti að vera ljós fram að skírn. Því var mikilvægt að vatninu væri ausið vel yfir bæði augu barnsins því það var trú manna að börn væru fædd með skyggnigáfu og ef ekki væri lokað á þessar sýnir gætu álfar og huldufólk tælt þau til sín. Í bók Jóns Árnasonar *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* segir „... að þeir einir verði skyggir sem skírnavatnið fari ekki í augun á þegar þeir eru skírðir“.⁹⁷ Á síðari tímum þegar fólki fór að þykja eftirsóknarvert að geta séð meira en flestum er ætlað, hefur orðið til nýtt afbrigði af þessari trú en það er að

⁹⁴ Spurningalisti þjóðháttaeildarnr. 105, svar nr. 14741, kvk. f. 1947.

⁹⁵ Spurningalisti þjóðháttaeildar nr. 10, svar nr. 666, kvk. f. 1907.

⁹⁶ Spurningalisti þjóðháttaeildar nr. 10, svar nr. 656, kk. f. 1884.

⁹⁷ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, bindi I, bls. 393.

börn geti orðið skyggn sé skírnarvatn borið á augu þeirra.⁹⁸ Því hefur þjóðtrúin snúist við eftir því sem hugmyndir fólks um hvað sé eftirsótt hafa breyst, fólk aðlagar síðinn að sínum hugmyndum um hvaða hæfileika sé gott að hafa. Það má samt draga þá ályktun að trú manna á kraft og mátt skírnarvatnsins hafi lengi verið til staðar og er enn þann dag í dag en tilgangurinn með mætti vatnsins hafi tekið breytingum í gegnum tíðina.

Það að loka á sýnir barna við skírn þekkist einnig í þjóðtrú Íra en þar er áherslan á munnlega þáttinn í skírinni. Ef annað guðforeldrið fer rangt með þau orð sem það á að endurtaka eftir prestinum, þá muni barnið hljóta þau örlög að sjá hulda heima eins og sjá má í greininni „Burial and Holiday Customs and Beliefs of the Irish Peasantry“ eftir Fanny D. Bergen:

At a christening, if either the godfather or godmother fail to repeat verbatim after the priest the prayers and promises, the child christened will always have the power to see fairies or ghosts. This is counted unfortunate.⁹⁹

Hérna er það aftur máttur orðsins sem ræður hvort náist að loka á sýnir barnsins eða ekki. Orð hafa álög. Hvort heldur það er máttur orðsins eða vatnsins sem á að loka á sýnir barnsins var það samkvæmt þessum sögum fólki mikilvægt að hreinsa barnið af þessum sýnum, bæði hér og á Írlandi, fólk óttaðist að álfar og huldufólk næðu að tæla til sín börnin ef að þau sæju það.¹⁰⁰

Ekki ber þó heimildum saman um hvað bæri að gera við vatnið að athöfn lokinni. Sumir svarendur könnunar þjóðhátadeildar segjast bara hafa hellt því eins og „öðru skolpi,“¹⁰¹ en þó eru fleiri á því að vatnið hafi ákveðinn kraft og beri því að meðhöndla það af virðingu. Sumir tala um að hella skyldi vatninu þar sem slyshætta væri og átti það að minnka hættuna¹⁰² en aðrir segja að vatninu beri að hella í jörð eða

⁹⁸ Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, bls. 129.

⁹⁹ Bergen, „Burial and Holiday Customs and Beliefs of the Irish Peasantry“, í *The Journal of American Folklore*, bls 22.

¹⁰⁰ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 266.

¹⁰¹ Spurningalisti þjóðhátadeildar nr. 10, svar nr. 6386, kvk. f. 1902. Í Staðfestingu á samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar frá árinu 2009, V. Skírn, skínarathöfnin. 9, segir: Skírnarvatni skal hellt í mold eða kirkjugrunn eftir notkun, aldrei í niðurfall.

¹⁰² Spurningalisti þjóðhátadeildar nr. 10, svar nr. 2680, kvk. f. 1905.

láta það gufa upp þar til ekki neitt sé eftir.¹⁰³ Einn svarenda sagði eftirfarandi sögu af skírnavatni sem hafði verið í fjölskyldunni í tugi ára:

Ég þekki rosna skagfirsku konu, sem nú er ekkja. Hún bjó í Skagafirði og átti 5 börn með manni sínum. Þegar 1. barn þeirra var skírt, hellti hún vatninu úr skírarskálinni á flösku, sem mig minnir að sé með glastappa. Hennar börn voru öll skírð úr sama vatninu og auk þess er búið að skíra úr því nokkur barnabörn hennar. Hún er nú um sjötugt og mun því skírnavatnið vera farið að nálgast fimmtugsaldurinn, ef ekki meira. Kona þessi er merk og ábyggileg. Hún býr nú hér í Reykjavík. Ég kom til hennar fyrir um það bil 2 árum, og sagði hún mér þá þessa sögu og sýndi mér flöskuna með þessu gamla og margfalda skírnavatni og gat ég hvorki fundið af því lykt né bragð fremur en góðu nýju vatni.¹⁰⁴

Ekki voru þó önnur dæmi um það að fólk geymdi skírnavatnið sitt í þeim svörum sem skoðuð voru. Í raun er það athyglisvert því eins og dæmin sýna trúðu margir á lækningamátt vatnsins og hefði verið auðvelt að álykta sem svo að fólk hefði reynt að spara sér vatnið og nota til lækninga ef á þurfti að halda. Út frá þessum heimildum má þannig ætla að fólk hafi trúað á mátt vatnsins á þeirri stundu er barnið var skírt en ekki þegar frá leið, og hefur vatnið trúlega tapað mætti sínum þegar athöfn var lokið og hversdagurinn tók við.

Það má kannski segja að vatnið hafi mátt jaðartímans en eins og sagt var frá í inngangi tók mannfræðingurinn Victor Turner upp kenningu van Genneps og vann áfram með miðstig innvígsluathafna eða jaðartímann (*e.liminal*) sem er á meðan að athöfninni stendur.¹⁰⁵ Það má segja að þessir þættir, það er skírnarfonturinn og vatnið, hafi á sér annan blæ, annað hlutverk á þessum jaðartíma. Þegar honum lýkur og innlimunin hefur átt sér stað tekur hversdagurinn við og tákinn verða aftur að óhelgum hlutum, vatnið missir mátt sinn og skálin verður aftur skál með hin ýmsu hlutverk.¹⁰⁶

Formlega athöfnin er ekki það eina sem gerist við skírni því þegar einstaklingur færast á milli laga samfélagsins hvort heldur er með fermingu, útskrift, brúðkaupi eða öðrum athöfnum hefur verið venja að fagna því með veislu. En það á einnig við þegar barn hefur hlotið skírni.

¹⁰³ Spurningaskrá Þjóðháttadeildar nr. 105, svar nr. 14658, kvk. f. 1954.

¹⁰⁴ Spurningaskrá Þjóðháttadeildar nr. 10, svar nr. 656, kk. f. 1884.

¹⁰⁵ Turner, *Celebration*, bls 116.

¹⁰⁶ Þó ekki ef skálin hefur við þessa notkun breytt um hlutverk og sé orðin skírnarfontur fjölskyldunnar en ekki venjuleg skál (sjá kafla IV).

IV. 4 Veislan

Eins og bent var á hér að ofan þá hefur lengi verið til siðs að skírni lokinni að halda veislu til að fagna vígslu barnsins inn í samfélag kristinna manna. Hvort heldur skírt er í heimahúsi eða kirkju, þá er hefð fyrir því að bjóða til veislu að athöfn lokinni og er væntanlega fyrsta dæmið um skírnarveislu skrásett í Postulasöggunni í *Biblúnni* með þessum orðum: „[...] og var hann þegar skírður og allt hans fólk. Síðan fór hann með þá upp í hús sitt bar þeim mat.“¹⁰⁷

Þegar halda skal skírnarveislu er svæðið þar sem veislan fer fram skreytt í tilefni hennar, svæðið er merkt þeim atburði sem hefur átt sér stað. Ljóst er að „hátið“ er í gangi fólk býður sínum nánustu að fagna með sér og er boðið upp á ýmsar veitingar. Ef skoðuð eru svör við spurningalistum þjóðháttadeildar má sjá að oftast er boðið upp á kökur og sætabrauð en einstaka sinnum hangikjöt. Áberandi er í svörum þeirra sem fæddir eru í kringum aldamótin 1900 að þeir segja að boðið sé upp á heitt súkkulaði í skírnarveislum en sá siður virðist hafa fjarð út því enginn af yngri svarendum nefnir það.¹⁰⁸ Í bók Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili, *Íslenzkir þjóðhættir*, er skrifað um áfengisdrykkju í skírnarveislum á fyrri tímum og er þar eftirfarandi haft eftir:

Var boðið vinum og vandamönnum, étið og drukkið eftir föngum og var glatt á hjalla. [...] Í þessum skírnarveislum var borin fram steik eða heitt hangiket og annað það, er búið átti bezt að bjóða, og drukkið brennivín með, en sjaldan varð úr því svall eða ofdrykkja.¹⁰⁹

Áfengisneysla í skírnarveislum mun hafa verið horfin um aldamótin 1900 því samkvæmt svörum þjóðháttadeildar mundu fáir eftir vínveitingum í skírnarveislum og

¹⁰⁷ *Biblían*, Pst. 16:34.

¹⁰⁸ Þeir sem nefna heitt súkkulaði í svörum sínum eru svarendur tveggja spurningalista þjóðháttadeildar Listi nr. 10: Svör nr. 7952, kvk. f. 1893, nr. 721, kk. f. 1918, nr. 657, kvk. f. 1891, nr. 730, kk. f. 1879, nr. 5386, kvk. f. 1912. Listi nr. 56: Svör nr. 6560, kvk. f. 1891, nr. 7825, kvk. f. 1910, nr. 6775, kk. f. 1914, nr. 6793, kvk. f. 1908, nr. 8064, kvk. f. 1903. Þegar svörin voru skoðuð eftir landssvæðum kom í ljós að þetta hefur þekkst víða um land og er ekki bundið einu svæði frekar en öðru.

¹⁰⁹ Jónas Jónasson. *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 263.

Þegar spurt var um hvort svarendur þekktu „skírnarpela“ könnuðust fáir við það. Í tímariti bindindismanna *Good – Templar* birtist eftirfarandi texti í grein árið 1902:

Fyrir 5 árum voru hugir manna frásneiddir öllu „bindindisbraski“, og sá þótti ekki maður með mönnum, sem ekki gat verið „ofurlítið með“. Það var gamall sveitarsíður að hafa vín við öll hátíðleg tækifæri, og gestrisni og góðgerðasemi þótti þá einskis verð, ef ekki var látið „út í kaffið“ – að minsta kosti. Veizlur allar þóttu dauflegar og óþjóðlegar, ef ekki var nóg af áfengi, og uppvaxandi menn voru álitnir „skræfur“, ef þeir þoldu ekki að gera sér ofurlítið „glatt í geði“. Hjónaskál, skírnarpeli og erfidrykkja voru gömul „þjóðleg“ orð, og þar sem þetta átti sér ekki stað við viðeigandi tækifæri, þar þótti ekki vert að eyða tímanum.¹¹⁰

Þetta er skrifað um aldamótin þegar áfengisveitingar voru að líða undir lok í skírnarveislum og segja bindindismenn frá þessari breytingu út frá sínu sjónarhorni. Þetta styður þá hugmynd að neyslu áfengis hafi verið hætt í skírnarveislum í kringum aldamótin 1900. Í dag er algengast að boðið sé upp á kaffiveitingar af þessu tilefni þar sem terta með nafni barnsins skipar heiðursress á veisluborðinu.

Þau tákni sem fjallað hefur verið um hér að framan eru þannig mörgum mikilvæg. Einn svarenda þjóðháttadeildar sem fæddur var á 19. öld segir svo: „Mér er nær að halda að á minni ævi hafi skírn einna minnst breyst frá því sem var í minni æsku. Börn voru og eru enn ýmist skírð í kirkju eða í heimahúsum og í sérstökum kjól eða klæðum.“¹¹¹ Má segja að það sé mikið til í orðum þessa manns, fólk heldur fast í þær hefðir sem skapast hafa í kring um skírnarathöfnina og á það greinilega einnig við í dag. Með því að sameinast um þessi tákni skírnarinnar og gera þau að sínum tengist saga þeirra einstaklinga innan fjölskyldunnar sem notast hafa við táknið og nýi einstaklingurinn verður hluti af þeirri sögu og eignast hlutdeild í henni.

V. Hvers vegna að skíra?

Eins og áður hefur verið sagt á skírnið menningarlegar rætur í okkar samfélagi og hefur verið sterk hefð fyrir því að börn séu skírð. En hvers vegna lætur fólk skíra börnin sín? Er það af trúarlegum ástæðum eða til þess að halda í hefð sem skapast hefur í samfélagi

¹¹⁰ „Bálkur almennings, bréf úr Mýrdal,“ í *Good – Templar*, bls. 78.

¹¹¹ Spurningaskrá þjóðháttadeildar nr. 56, svar nr. 7631, kk. f. 1898.

okkar? Til þess að leita svara við þessum spurningum var sett inn könnun á barnaland.is þann 13.- 15. febrúar 2011 þar sem spurt var um eftirfarandi:

Hvers vegna lést þú skíra börnin þín?

Trúarlegar ástæður?

Félagslegt?

Þrýstingur frá fjölskyldum?

Eitthvað sem á að gera?

Svörun var góð og spunnust mjög fjörugar samræður í kjölfarið um trúmál almennt. Sú umræða er greinilega mjög eldfim í samfélaginu og fylgir afrit af henni í viðauka 2. Þegar tveir sólarhringar voru liðnir frá því könnunin var sett inn og hún orðin óvirk voru svörin svohljóðandi:

Hvers vegna lést þú skíra börnin þín?

Trúarlegar ástæður	103
Félagslegt	22
Þrýstingur frá fjölskyldum	10
Eitthvað sem á að gera	24
Samtals	159

Hér sést að flestir láta skíra börn sín af trúarlegum ástæðum en þó eru 56 svarendur sem láta skíra af öðrum ástæðum þ.e. félagslegum, vegna þrýsting frá fjölskyldu eða að fólk telur að þetta sé eitthvað sem á að gera. Í athugasemdum neðan við könnunina má sjá skoðun fólks á því hvers vegna það lætur skíra börn sín. Hér eru dæmi um nokkrar þessara ástæðna:

mér finnst gott að vita að það er til eitthvað æðra en við (Cubid).

Ég er úr trúaðri fjölskyldu og held fast í barnatrúna mína sem mér finnst falleg og hrein. Mér finnst þetta falleg athöfn til að bjóða barnið velkomið, gaman að hafa tilefni til að fá stórfjölskylduna saman, og þetta gleður fjölskyldurnar (Mararbla).

Ég lét skíra bæði börnin mín af trúarlegum ástæðum. Við erum bæði kristinnar trúar og höldum í okkar barnatrú. Mér finnst skírinn falleg athöfn og mikilvægur þáttur í okkar lífi (Lamaz).

Við létum skíra af trúarástæðum. Mér finnst mjög eðlilegt að velja trú fyrir barn rétt eins og ég vel nafn og ég vel að kenna því ýmslegt (Apotek).

Ég lét skíra mín börn, 2 í kirkju og 1 í heimahúsi. Ekki endilega af trúarástæðu heldur því mig langaði að fá fjölskylduna saman og samgleðjast okkur (Singa).

Skírniin er fyrir mér skemmtileg hefð í kristnu samfélagi, og ekkert möst (Jolly).

get ekki sagt að við seúm trúuð, en mér finnst skírinn falleg athöfn til að fagna og bjóða barnið velkomið, það er ekkert svart og hvítt í þessum heimi og vil ég taka þann fallega boðskap sem skírinn er og fagna tilkomu krílisins (Genie).

Við erum ekkert sérlega trúuð, en börnin okkar eru skírð vegna þess að þetta er hefð og hluti af okkar menningarafi, auk þess sem að okkur finnst þetta fallegt (mammaStrumpur).¹¹²

Af þessu má sjá að ýmsar ástæður eru fyrir því að fólk láti skíra börnin sín þó flestir geri það af trúarlegum ástæðum. Þó er áberandi að sverendur líta á skírinnina fyrst og fremst sem hefð, fallega stund með stórfjölskyldunni þar sem barninu er fagnað með þeirri athöfn sem skírinn er. Því má segja, að þrátt fyrir að skírinn sé vígsluathöfn inn í kristið samfélag, þá er þetta einnig vígsluathöfn inn í samfélag stórfjölskyldunnar.

Hvort sem haldin er trúarleg skírinn eða nafnaveisla sem tengist engum trúarbrögðum, virðist þörfin fyrir að kalla til ættingja og vini, skreyta nánasta umhverfi og halda hátíð fyrir hendi hjá langflestum foreldrum á Íslandi í dag. Hvort sem athöfnin er af trúarlegum toga eða ekki, þykir mikils um vert að bjóða nýjan einstakling velkominn í samfélag fjölskyldunnar og skírinn er mikilvægur þáttur í því. Sumir sem ekki láta skíra barnið sitt halda þó nafnaveislu þegar nafn barnsins er opinberað eins og sjá má af þessum orðum svaranda sem kallar sig Bstígg:

¹¹² Barnaland, könnun 2, notendanafn hvers svaranda er í svíga aftan við tilvitnunina. Svörin voru tekin eins og þau birtust, engu var breytt þrátt fyrir málfræði- og innsláttarvillur.

Þau sem vilja láta skíra börnin sín eiga að sjálfsögðu að gera það með gleði, en við hin sem sjáum ekki nokkurn tilgang í því eigum að fá að sleppa því í friði. Ég er þegar farin að skipuleggja stóra nafnaveislu míns ófædda barns - það verður sko þökkalega haldið upp á komu þess krílis og nafnið þess. En ekki með neinni trúarlegri tengingu, enda væri það bara skrytið.¹¹³

Þarna er vísað til þess að viðkomandi ætli að halda stóra veislu til að fagna komu barnsins og nafni þess. Því munu þessir foreldrar halda barninu sínu vígsluathöfn ekkert síður en þeir sem láta skíra barnið sitt. Barnið fer í gegnum áðurnefnd stig vígsluathafnar þótt það vígist ekki inn í samfélag kristinna manna heldur inn í samfélag stórfjölskyldunnar. Það færist frá því að vera nafnlaus einstaklingur til þess að vera einstaklingur sem ber nafn og af þessu tilefni og barninu til heiðurs er haldin veisla. Mörg tákni þessara hátíða eru þau sömu og í skírni að undanskildum skírnarfonti og skírmarkjól. Fólk klæðir sig upp, svæðið er skreytt og veitingar bornar fyrir gesti, fólk lyftir sér upp, það er haldin hátíð.

¹¹³ Barnaland, könnun 2, notendanafn Bstígg.

Niðurlag

Hér hefur verið skoðuð þróun skírnar á Íslandi og hugmyndir fólks um skírningina í ljósi trúarlegra tenginga og hefðarinnar. Eins og greint hefur verið frá er skírningin athöfn sem fellur vel að kenningum fræðimanna sem fjallað hafa um vígsluathafnir af ýmsum toga, svo sem van Gennep og Turner. Einstaklingurinn sem skírður er fer í gegnum þau þrjú stig sem vígsluathafnir kalla á til að flytjast á milli sviða innan samfélagsins. Fyrsta stigið er þegar barnið er klætt í skírmarkjólinn, úr klæðum hversdagsins og í þann búning sem hæfir athöfninni. Skírningathöfnin er svo vígslan sjálf, eða miðstig vígsluathafnanna, þar sem barnið er á milli þessara tveggja laga. Í lokin og í raun þriðja stigið er svo veislan þar sem vígslunni er fagnað. Ýmis tákni eru notuð við vígslur sem þessa, svo sem skírningfontur, skírmarkjöll og helgt vatn. Þessi tákni hafa tengst skírninginni allt frá fornu fari og má segja að með því að notast við þau, nokkurn veginn óslitið frá upphafi kristinnar trúar, tengist helgi athafnarinnar fyrri tímum. Tákni almennra hátíða hafa einnig verið notuð við skírningina, svo sem skreytingar, bæði umhverfis og fólks, og það er boðið til veislu. Það er haldin hátíð. Það er því athöfnin sjálf sem gerir táknið helg eins og trúarbragðafræðingurinn Mircea Eliade hefur fjallað um.

Eins og rannsóknin sýnir hefur skírningathöfnin sjálf lítið breyst í gegnum tíðina: það er enn mörgum mikilvægt að láta skíra börn sín þótt ástæðurnar séu eflaust aðrar í dag en áður fyrr. Þrátt fyrir að flestir þættir samfélagsins hafi tekið miklum breytingum á undanförunum áratugum hefur skírningathöfnin að mestu haldist óbreytt. Eins og sjá má af áðurnefndum svörum við könnun 2, þá þykir fólki vænt um skírningina, þá hefð að fagna tilveru nýs barns með skírningathöfninni. Skírningin á því menningarlegar rætur í samfélaginu sem margir tengja sig við, hún er hefð sem er viðhaldið með virkri þátttöku og miðlun. Þó má segja að hugmyndir fólks um hvers vegna það lætur skíra börn sín hafi breyst að nokkru leyti: Þrátt fyrir mikla svörun við könnun 2, hafði enginn orð á því að barn hefði verið skírt til að tryggja því vist í himnaríki og eilífa velferð. Enginn gat þess heldur að með skírninginni væri lokað fyrir ákveðnar sýnir barna inn í

hulda heima. Því má segja að skírni í dag sé öðru fremur vígsluathöfn inn í samfélag fjölskyldunnar ásamt því að vera vígsluathöfn inn í samfélag kristinna manna.

Heimildir

Ari Þorgilsson. *Íslendingabók, The book of the Icelanders. Kristni Saga, The story of the conversion.* London: Viking Society for Northern Research, University College London, 2006.

Árni Björnsson. *Merkisdagar á mannsævinni.* Reykjavík: Mál og menning, 1996.

Árni Björnsson. *Saga daganna. Hátíðir og merkisdagar á Íslandi.* Reykjavík: Mál og menning, 1993.

„Báلكur almennings: Bréf úr Mýrdal“. *Good – Templar.* 6. Árg. 7. Tbl. 1902. Bls. 78.

Bellais, Leslie. „The Rise and Fall of the Long White Baby Dress,“ í *The Wisconsin Magazine of History*, Vol. 89, No. 3 (Spring, 2006). Bls. 40-44.

Bergen, Fanny D. „Burial and Holiday Customs and Beliefs of the Irish Peasantry,“ í *The Journal of American Folklore*, Vol. 8, No. 28. Bls. 22.

Biblían: heilög ritning: Gamla testamentið og Nýja testamentið. Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag, 1981.

Blum, Stella. *Notable Acquisitions*, No. 1979/1980. New York: The Metropolitan Museum of Art.

Eddukvæði. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning, 1999.

Egils saga Skallagrímssonar. Birtist í *Íslendinga sögur og þættir.* Ritstjórar Bragi Halldórsson; [umsjón Örnólfur Thorsson; vísaskýringar Bergljót Kristjánsdóttir] Reykjavík: Mál og menning, 1998.

Eliade, Mircea. *The Sacred and the Profane: The Nature of Religion.* Þýdd á ensku. San Diego: Harcourt Brace Jovanovich, 1987.

Garber, Marjorie. *Vested Interests: Cross-Dressing and Cultural Anxiety, í Nationalisms & sexualities,* London: New York: Routledge, 1992.

Helgi Hálfðánarson. *Helgakver.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000.

Van Gennep, Arnold. *The Rites of Passage.* Þýdd á ensku. London: Routledge and Kegan Paul, 1977.

Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning, 2001.

Hjalti Hugason. „Kristnir trúarhættir,“ í *Íslensk þjóðmenning* bindi. V. Reykjavík: Þjóðsaga, 1988. Bls. 317.

Hjalti Hugason. *Kristni á Íslandi, Frumkristni og upphaf kirkju*, bindi I. Reykjavík: Alþingi, 2000.

Íslenzk fornrit. Harðar saga. Reykjavík: Hið Íslenzka fornritafélag, 1991.

Jón Árnason. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, 6 bindi. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Reykjavík. Þjóðsaga. 1954-1961.

Jónas Jónasson. *Íslenzkir þjóðhættir.* Reykjavík: Opna. 2010.

Loftur Guttormsson. *Kristni á Íslandi: Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bindi III. Reykjavík: Alþingi, 2000.

Troels-Lund, Troels. *Dagligt Liv i Norden i det sekstende Århundrede*, bindi 4.6. utgave. Fødsel og Daab. Denmark: Gyldendal, 1969.

Turner, Victor. *Celebration: Studies in Festivity and Ritual.* Washington, D.C.: Smithsonian Institution Press. 1982.

20. *Öldin, í máli og myndum.* Reykjavík: Vaka – Helgafell, 1999.

Heimildir af veraldavefnum

Lög um mannanöfn, nr. 45, 1996. www.altingi.is. Síðast skoðað 27. apríl 2011.

Krossinn. www.krossinn.is. Síðast skoðað 27. apríl 2011.

Vottar Jehova. www.watchtower.org. Síðast skoðað 27. apríl 2011.

Þjóðkirkjan. www.tru.is. Síðast skoðað 27. apríl 2011.

Kirkjan. www.kirkjan.is. Síðast skoðað 27. apríl 2011.

Barnaland. www.barnaland.is. Síðast skoðað 18. febrúar 2011 (nú 12. apríl 2011 hefur barnaland sameinast öðrum vefsíðum og starfar undir heitinu www.bland.is).

Kristeligt dagblad. www.kristeligt-dagblad.dk. Síðast skoðað 28. apríl 2011.

Kristendom. www.kristendom.dk. Síðast skoðað 28. apríl 2011.

Óprentaðar heimildir frá Þjóðháttaeild Þjóðminjasafns Íslands

Spurningalisti nr. 10. Barnið, fæðing og fyrsta ár. Sendur út 1963.

Númer	Kyn	Fæðingarár	Svæði
5720	kvk	1916	Eyjarfjörður
7952	kvk	1893	Gullbringusýsla
721	kk	1918	Skagafjörður
657	kvk	1891	óskráð
642	kvk	1903	óskráð
764	kk	1890	óskráð
709	kk	1896	óskráð
798	kk	1881	óskráð
6991	kk og kvk	1873-1911 (12 heimildarmenn)	óskráð
730	kk	1879	óskráð
666	kvk	1907	óskráð
699	kvk	1908	óskráð
638	kk	1890	óskráð
948	kvk	1908	óskráð
656	kk	1884	óskráð
710	kk	1899	óskráð
3012	kvk	1915	óskráð
5386	kvk	1912	óskráð
777	kvk	1901	óskráð
6386	kvk	1902	óskráð
2680	kvk	1905	óskráð

Spurningalisti nr. 56 Lífnaðarhættir í þéttbýli V. Dagamunur og félagslíf. Sendur út 1983.

7825	kvk	1910	Dýrafjörður
7950	kvk	1892	Hvalfjörður
6775	kk	1914	óskráð
6653	kk	1877	óskráð
6157	kvk	1898	Eyrbakkahreppur
6440	kvk	1910	A-Húnavatnssýsla

6753	kvk	1909	óskráð
6793	kvk	1908	óskráð
7688	kk	1908	Bolungarvík
7631	kk	1898	Eyrbakki
8064	kvk	1903	Stokkseyri
6560	kvk	1891	Vestmannaeyjar

Spurningalisti nr. 105. Nafngjöf og skírn. Sendur út 2003.

14666	kvk	1954	óskráð
14706	kk	1916	óskráð
14658	kvk	1954	Hafnarfjörður
14673	kk	1953	Egilsstaðir
14723	kvk	1943	Grindavík
14722	kvk	1974	Stykkishólmur
14688	kk	1924	Reykjavík
14741	kvk	1947	Gullbringusýsla
4693	kvk	1984	Reykjavík
14649	kvk	1983	Reykjavík

Viðauki 1: Athugasemdir sem skráðar voru við könnun 1

✉ dagmarbraga | 6. febrúar '11, kl: 00:10:01 | Alls sótt: 994

✉ Blond | 6. febrúar '11, kl: 00:16:54 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Heima hjá foreldrum mínum. Allgert æði, ætla að gera þetta með næsta barn líka. Allt miklu persónulegra;

✉ mars | 6. febrúar '11, kl: 00:44:07 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Barn nr 1, heima hjá systur minni, barn nr 2 í gömlu Árbæjarkirkju í Árbæjarsafni, barn nr 3 í sal sem við leigðum.

✉ gullagulla | 6. febrúar '11, kl: 00:55:12 | Alls sótt: 0

+1

SV: Skírn

Í kirkju í bæði skiptin, fyrir mér er þetta svo hátíðleg stund sem mér finnst bara eiga heima í kirkju :) (finnst samt allt í góðu að fólk skíri annars staðar, þetta er bara það sem ég vel fyrir okkur)

✉ Hygieia | 6. febrúar '11, kl: 01:34:47 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Einu sinni í heima, einu sinni í Jónshúsi og Köben og tvisvar í kirkju.

✉ Hygieia | 6. febrúar '11, kl: 01:35:06 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

ps., það var prestur sem skírði þau.

✉ sygyn | 6. febrúar '11, kl: 03:23:38 | Alls sótt: 0

+3

SV: Skírn

Finnst þetta vera ákvörðun sem er ekki foreldranna að taka þannig að ég tékkaði við "skírðiekki".

Nafngöfin fór samt heima hjá mömmu minni (meira pláss....)

✉ micro | 6. febrúar '11, kl: 08:58:01 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

eldra barnið var skírt í heimahúsi það var rosalega falleg athöfn. Yngra var skírt í kirkju en ekki í messu, var bara skírnin í gangi og ekkert annað.

✉ Heiðlóa | 6. febrúar '11, kl: 11:45:28 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Mér finnst hugmyndin um heimaskírn rosa kósí, en við ákváðum samt að skíra í kirkju. Í skírn er verið að taka barnið inn í kristið samfélag, eða eins og segir á vef þjóðkirkjunnar "Í heilagri skírn er skírnþegi tekinn inn í kirkju Krists". Og þess vegna fannst okkur mikilvægt að skíra í kirkju :)

✉ nóvemberpons | 6. febrúar '11, kl: 11:49:23 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

eldri í kirkju, yngri á sjúkrahúsinu

magzterinn | 6. febrúar '11, kl: 12:13:47 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Við ætlum að láta skíra okkar í kirkjunni hans pabba. Mér finnst reyndar heimaskírnir oft voða kósý, allavega að hafa veisluna þar en ég bara nenni ekki að standa í því. Ætlum bara að hafa þetta í kirkjunni og hafa svo veislu í salnum á eftir. :) Finnst það líka þínu hátíðlegra. Hefði viljað hafa þetta í messu en þar sem við látum líklega skíra hana á Páskadag þá held ég að við sleppum því...messan er klukkan 8 um morgun ;P klokkeblomst | 6. febrúar '11, kl: 15:42:21 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Í bæði skiptin heima, mér finnst það svo hátíðlegt og skemmtilegt.

✉ larva | 6. febrúar '11, kl: 16:28:25 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Við skírðum í messu sem var haldin úti

Fullkomin stelpa fædd 16.júní 2010

✉ lam | 6. febrúar '11, kl: 17:48:31 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Hef í bæði skiptin skírt heima. Finnst það voða þægilegt því þá þarf maður ekki að fara út með krílið...það getur nefnilega tekið óratíma.

✉ *polo* | 6. febrúar '11, kl: 18:15:05 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Í fyrra skiptið létum við skíra í barnamessu en seinna skiptið var barnið skírt heima. Það var æðislegt!!

✉ Örlaganorn | 6. febrúar '11, kl: 20:47:01 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Eldri dóttirin var skírð í kirkju en sú yngri heima. Ef ég eignast fleiri börn hugsa ég að ég hafi þetta aftur heima, fannst það svo þægilegt.

✉ lítlaskotta | 6. febrúar '11, kl: 20:52:18 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

við létum skíra heima hjá tengdforeldrum mínum - yndislegt :) Hugsa að við látum líka næsta barn þar :)

✉ Berrössuðátánur | 6. febrúar '11, kl: 21:09:42 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Ég lét tvisvar skíra á sjúkrahúsinu, einu sinni í kirkju og einu sinni heima. Allt jafn kósí og skemmtilegt. :-)

✉ Zwandyz8 | 7. febrúar '11, kl: 08:27:08 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Fyrsta barn á spítalanum þar sem ekki var vitað hvort hann lifði af, hann var svo "skírður" aftur (blessaður) í kirkjunni þegar við komum heim og þá var allri fjölskyldunni boðið.

Annað barn var svo skírt í kirkju

✉ dancer | 7. febrúar '11, kl: 08:53:11 | Alls sótt: 0

SV: Skírn

Annað; fyrra barnið skírt heima og seinna barnið í kirkju. ■

- MasterYoda | Ég svaraði í heimahúsi því ég lét skíra tvö börn af þremur í heimahúsi en eitt í kirkju

SV: Skírn

Ég svaraði í heimahúsi því ég lét skíra tvö börn af þremur í heimahúsi en eitt í krikju, ég mæli með heimahúsi!

Allt efni í viðauka 1 er tekið beint af vefnum, engu breytt þrátt fyrir augljósar innsláttar- og málfræðivillur.

Viðauki 2: Athugasemdir sem bárust við könnun 2.

✉ dagmarbraga | 13. febrúar '11, kl: 13:50:54 | Alls sótt: 1864

Ef þú lést skíra börnin þín þá langar mig að vita hvers vegna?? Af hverju lætur maður skíra börnin sín í raun er það trúarlegt eða félagsleg athöfn, eitthvað sem maður bara gerir??

✉ smusmu | 13. febrúar '11, kl: 13:56:03 | Alls sótt: 0

Eldri dóttir mín var skírð. Ég var bara ekki nógu stöðug á þeim tíma til að standa með sjálfri mér og bara leyfði umhverfinu að ráða.

✉ cubid | 13. febrúar '11, kl: 14:07:44 | Alls sótt: 0

Við erum bæði skírð og við munum gefa okkur í kirkju.. ég hef líka gaman af því að fara með skottuna í sunnudagaskólann af og til og kenna henni bænir.. ef hún vill hins vegar ekki vera í þjóðkirkjunni þegar hún hefur vit og þroska til að ákveða það sjálf þá mun ég standa með henni í því.. Mér finnst bara ákveðið öryggi að geta leitað í trú (þótt hún geti verið misjöfn) t.d. ef eitthvað kemur uppá sem barn á jafnvel erfitt með að höndla.. það er samt engin öfgatrú á heimilinu.. ég fór t.d. ekki með bænir fyrir en hún hafði vit á því að hlusta og fer venjulega ekki með þær fyrir sjálfan mig en mér finnst gott að vita að það er til eitthvað æðra en við..

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 08:15:34 | Alls sótt: 0

að vera alin upp í einni trú er ekki að hafa val strákamamma;)

✉ sunnaax | 14. febrúar '11, kl: 08:49:29 | Alls sótt: 0

Að ala upp í engri trú er heldur ekki val... ;-) Þú velur alltaf fyrir börnin þín á einhvern hátt, hvort sem þú elur þau upp í trú eða ekki. Það er bara eðlilegt. Ekki nema þú sért með skipulagða fræðslu um öll trúarbrögð eða eitthvað slíkt... sem er hæpið.

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 09:13:47 | Alls sótt: 0

en að ala börn upp í opinni umræðu um trúmál með eina stóra góða bók (eða margar litlar) um hlestu trúarbrögð heims gefur þeim reynverulegra val en innprentun einnar trúar frá barnsaldri. Mér finnst þetta alltaf svoldið fyndið "ég ætla að leyfa barninu mínu að velja" eftir að vera búin að kristna barnið alla barnæskuna. ég el mína ekki upp innan neinna trúarbragða, en hér eru trúmál rædd afar oft, enda búum við í fjölmenningsfélagi þar sem umræða um trúarbrögð er áberandi strákamamma;)

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 11:51:48 | Alls sótt: 0

Það eru bara aldrei rædd trú mál inná mínu heimili.. Hvað helduru að það séu margir íslendingar sem eru aldnir upp í kristinni trú og ákveða síðan sjálf að velja það ekki fyrir sig!.. mér finnst líka alltaf jafn fyndið þegar fólk skírir ekki börnin sín en kennir þeim bænir og fer með þau í sunnudagaskólan.. (það var ein umræða um það hérna inná) og ef þú ert svona opin afhverju ertu þá að setja útá það hvernig ég hef mín trú mál á mínu heimili?

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 11:57:58 | Alls sótt: 0

er ég að setja útá?

Ég er ekki opin fyrir trúboði beint að börnum....hvar kemur það fram? Ég er opin gagnvart vali barna minna á trú eða ekki trú, og gagnvart vali sérhvers einstaklings fyrir sig, án barnatrúboðs strákamamman;)

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:27:24 | Alls sótt: 0

Já mér finnst þú vera að setja útá það sem ég hef fyrir mínum börnum.. Ég á eftir að útskýra fyrir mínu börnum þegar þau hafa vit til að það trúa ekki allir á jesús.. og ég er Orugglega ekkert að krista barnið mitt meira en þú fyrst þetta er svona opið hjá þér og oft og iðulega rætt..

✉ Bstíg | 14. febrúar '11, kl: 12:42:27 | Alls sótt: 0

Mér finnst aldeilis sjálfsagt að trúaðir foreldrar ali börnin sín upp í trú, og jafn sjálfsagt að trúlausir foreldrar ali sín upp við trúleysi. Börn læra jú alltaf hugmyndafræði og gildismat foreldra sinna. En mér finnst líka mikilvægt að muna að börn verða á endanum sjálfstætt hugsandi verur og segja því við þau: "En svo eru líka til aðrar hugmyndir um heiminn, og ef þig langar að gera hlutina öðruvísi en við þá er það bara flott."

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:45:19 | Alls sótt: 0

Já ég er alveg sammála þessu.. auðvitað eluru barnið uppí því sem þú geriri sjálf/ur..

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:06:35 | Alls sótt: 0

mér finnst það einmitt ekki sjálfsagt, mér finnst að foreldrar eigi að halda börnunum sínum fyrir utan sína persónulegu skoðum á trúarbrögðum. strákamamman;)

✉ Afrodite | 14. febrúar '11, kl: 13:38:44 | Alls sótt: 0

en afhverju ættum við að halda þeim fyrir utan okkar persónulegu trúarlegu skoðun eitthvað frekar en öðrum skoðunum, t.d. að nota klósettpappír...nú er það bara menningartengt...áttu þá ekkert að venja barnið þitt á að nota hann (eða nota hann ekki).

Við erum foreldrar - okkar hlutverk er að velja það besta fyrir okkar börn, þar til þau hafa vit á að hafa vit á að gera það sjálf

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:45:24 | Alls sótt: 0

vegna þess að trúmál eru ekki rökrétt eins og klósettpappírnotkun...ef þú skeinir þér ekki, brennuru í rassinum, klínir fötin þín úti kúk og lyktar illa. Trú er ekki rökrétt, hún er ekki staðreynd, hún er ekki sönnuð eða ósönnuð...trú er skoðun.

að troða trú sinni uppá börnin sín er eins og að troða sínum stjórnmalaskoðunum uppá þau...þar sem trú er skoðun.

Að kenna óvitum að trú sé eitthvað sem sé satt og rétt er allt annað en að kenna börnum um staðreyndir lífsins.

strákamamman;)

✉ Afrodite | 14. febrúar '11, kl: 13:54:40 | Alls sótt: 0

já - en það eru margar fleiri leiðir til að þrifa rassinn en nota klósettpappír...rétt eins og það eru mörg trúarbrögð...

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 14:00:46 | Alls sótt: 0

ertu í alvöru að bera saman klósettpappírnotkun sem er hlutlæg.....og trúarbrögð sem eru algerlega huglæg?
Þá getur líka dregið inní umræðuna hvort maður gefur börnunum sínum nammi eða ekki...eða klæðir þau í blátt eða ekki....eða gatar á þeim eyrun eða ekki.....
strákamamma;)

✉ Afrodite | 14. febrúar '11, kl: 14:14:37 | Alls sótt: 0

já - pointið er að við erum ALLTAF að taka ákvarðanir fyrir börnin okkar. Afhverju ætti ákvörðun um trúarbrögð að vera eitthvað undanskilin því?

Fyrsta barn fætt í júní 2009
Annað barn væntanlegt í mars 2011

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 14:20:43 | Alls sótt: 0

thak U :D

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 19:09:51 | Alls sótt: 0

og mitt point er að ákvörðun um trúarbrögð er allt annars eðlis en ákvörðun um matarræði td.

strákamamma;)

✉ cubid | 15. febrúar '11, kl: 11:55:38 | Alls sótt: 0

Nei nebblega ekki.. þú matar börnin þín af þínum viðhorfum hver sem þau eru.. þau geta hinsvegar þegar þau eru eldri myndað sér sínar eigin skoðanir á hlunum.. ég og móðir mín erum t.d. ekki alltaf sammála þótt hún hafi alið mig upp.. Þú hakkar ekki í þig sælgæti og segir svo við barnið þitt að það sé svo óhollt að það eigi ekki að vera að borða svona..

✉ vexenpexen | 15. febrúar '11, kl: 10:04:27 | Alls sótt: 0

skráirðu barnið þitt í stjórnmalaflokk?

✉ cubid | 15. febrúar '11, kl: 11:53:36 | Alls sótt: 0

auðvitað er barnið skráð í stjórnmalaflokk!!
haha er þetta djök eða hvað..? má það spyr ég nú bara?

✉ strákamamma | 15. febrúar '11, kl: 13:53:36 | Alls sótt: 0

það er það sem er líkast því að skrá barnið sitt í trúfélag
strákamamma;)

✉ cubid | 15. febrúar '11, kl: 14:02:40 | Alls sótt: 0

oki ef þér finnst það vera þannig..
over and out!!

sá væri er vitið hefur meira.

✉ cubid | 15. febrúar '11, kl: 14:03:00 | Alls sótt: 0

vægir átti þetta auðvitað að vera

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 14:19:58 | Alls sótt: 0

Það er bara ekki klósett pappír í öllum löndum.. það er ásæða fyrir því að þú borðar með hægri eða allavega er það kennt.. því að í sumum löndum þá skeinir þér með vinstri.. mæli með því að þú horfir á myndina babys því þar er t.d. ekki pappír og hvað þá??

✉ Bstig | 14. febrúar '11, kl: 18:12:09 | Alls sótt: 0

Ég er bara alls ekki viss um að það sé hægt að halda börnunum sínum utan við persónulegar skoðanir sínar. Þau komast varla hjá því að vera mótuð af hugmyndafræði foreldra sinna. Og væntanlega hefur fólk ákveðna hugmyndafræði vegna þess að það

trúir því innilega að hún sé sú besta og rétta, og fólkið því að innræta börnunum það sem það telur þeim fyrir bestu.

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 18:22:25 | Alls sótt: 0

er það ekki nákvæmlega það sem uppeiddi snýst um að búa sem besta veganseti fyrir sín börn? hvort sem þau er skírð eða ekki.. Svo er ekki bara ergelsi úti trúleisingja eins og þú nefndir.. þetta er bara varsöm umræða vegna þess að fólk hefur misjafnar skoðanir á málnum eins og greinilegt er hérna.. Það verða bara árekstrar á trúmálum alltaf þegar þau eru rædd.

✉ Bstig | 14. febrúar '11, kl: 18:26:33 | Alls sótt: 0

Ég sé nú strákamömmu hvergi kalla trúaða foreldra fáránlega þótt hún hafi aðrar skoðanir á barnauppeldi en þeir...

✉ cubid | 15. febrúar '11, kl: 15:13:56 | Alls sótt: 0

Hún notaði orðið fyndið.. fyrir mér var þetta kalhæðnislegt..

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 19:10:48 | Alls sótt: 0

sáðu þið myndbandið frá skólanum í UK...það fólk var líka að gera það sem það taldi þeim börnum fyrir bestu.

strákamamma;)

✉ Bstig | 14. febrúar '11, kl: 19:21:47 | Alls sótt: 0

Þælingar um barnauppeldi enda náttúrulega alltaf í þeirri flækju að fólk hefur ólíkar hugmyndir um hvað sé börnum fyrir bestu. Mín börn verða t.d. alin upp við trúleysi og fjölbreytta fræðslu, því það er það sem ég tel hið sanna og rétta. Einhver trúuð manneskja er mér væntanlega þrusu ósammála, og myndi gjarnan vilja mæta á svæðið og bjarga börnunum mínum frá þessu vonlausa uppeldi. Sem væri algjör óþarfi því að mínu mati væru þau að fá besta uppeldið. Að sama skapi gæti ég varla reynt að sannfæra trúaða manneskja um haga sínu uppeldi á sama hátt og ég geri, því þá væri hún ósamkvæm sjálfri sér og að ganga gegn því sem hún telur best.

✉ Bstig | 14. febrúar '11, kl: 12:20:58 | Alls sótt: 0

Ha eru til foreldrar sem sleppa skírni vegna trúleysis, en kenna þeim svo bænir og á sunnudagsskólann?? Manstu hvaða umræða það var?

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 11:54:04 | Alls sótt: 0

og svo er ein sem segir hérna fyrir neðan.. ef þú trúir ekki.. helduru þá jólf? afhvejru geriru það ef það er þannig? hver er þá boðskapur jóllanna heima hjá þér? gjafir eða frí eða hvað er það?

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 11:58:31 | Alls sótt: 0

skoðaðu svarið sem kom við því....rosalega vel sýnt frammá hvernoig jólin eru EKKI kristin hátíð, frekar en páskaþingir

strákamamma;)

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:24:44 | Alls sótt: 0

Það er samt fáránlegt að halda páska ef þú ert ekki kristin trú.. þetta er trúarleg hátíð.. fólk sem trúir ekki á jesú krist heldur ekki páska afhvejru er þá fólk sem er ekki trúað að halda hátíð sem tengist annari trú? þetta er bara asnalegt hugsaðu bara aðeins útfyrir boxið. í löndum sem fólk hefur blandaða trú (þá er ég að meina að ríkið er ekki tengt trú eins og ísl) það heldur ekki sömu hátíðirnar.. það heldur sínar hátíðir eftir því hverju þau trúa.. Afhverju byrjaði fólk að halda jólf og páska skoðaðu það aðeins og segðu svo að þetta sé ekki trúarlegar hátíðir!.. fastaru kannski líka til að kenna börnunum þínum

það? það tengist líka trú eins og jól og páskar.. eða ertu kristin í laumi en villt ekki viðurkenna það? Það er í tísku í dag að vera trúleysingi!

✉ Bstig | 14. febrúar '11, kl: 12:47:59 | Alls sótt: 0

Ég mun aldrei skilja þetta ergelsi út í trúleysingja! Af hverju í ósköpunum að hafa skoðun á því hvort og hvernig annað fólk heldur jól, páska, nafngiftir eða skírnir. Er ekki bara í góðu lagi að við gerum þetta öll á okkar hátt?

Ég læt ekki skíra börn en myndi aldrei kalla annað fólk fáránlegt fyrir að gera það, ég fer ekki í kirkju á jólunum en myndi aldrei kalla annað fólk fáránlegt fyrir að gera það. Hvað sem smá gagnkvæma virðingu bara? Og hvaðan kemur þetta með tísku-trúleysið? Var einhvern tímann í tísku að vera trúuð? Getur heil hugmyndafræði um upphaf mannsins verið háð tiskubylgjum? Ef ég er trúlaus vegna þess að ég er alin upp í trúleysi, voru þá foreldrar mínir rosa á undan sinni samtíð í tiskunni? Skil ekki...

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:52:56 | Alls sótt: 0

Sorry að ég var að þér eitthvað.. meinti þetta ekki þannig.. það eru bara ekki allir sem hugsa eins og þú.. mér finnst allt í lagi þótt börn séu ekki skírð og það sem þú nefnir hér að neðan.. skoðaðu bara mitt innlegg (ofarlega) þá sérðu kannski hvað málið var.. ég legg það ekki í vana minn að dæma fólk því maður hefur alltaf ástæður fyrir því sem maður gerir.. en eftir þetta hneyksli í kirkjunni í fyrra þá er eins og það sé í "tísku" að vera ekki í neinu.. það eru bara svatir sauðir allstaðar.. sama hvar þú leitar.. ég biðst afökunar ef þér fannst ég eitthvað vera að vanvirða þínar ástæður fyrir þínu vali :)

✉ Bstig | 14. febrúar '11, kl: 13:00:09 | Alls sótt: 0

Ég er ekkert sár sko - en varstu að annarri. Mig langar bara að biðja þig að þæla aðeins í orðanotkun þinni - að segja fáránlegt að fólk geri hlutina öðruvísi en þú, er ansi mikil vanvirðing.

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 13:02:18 | Alls sótt: 0

Það er samt ***** að nota eingöngu hátíðisdaga kristinnar t'ru og gera þá að sinni eigin.. þetta er bara mín skoðun og þú þarf ekkert að vera sammála henni.. og nei ég var ekki að annari..

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:09:28 | Alls sótt: 0

það er samt einmitt öfugt. Höfundar kristinnar trúar löguðu hana að siðum sem voru þegar í gildi, þessvegna var fæðing jesú til dæmis færð til vetrarsólstaða í stað þess að þeir hafi viðurkennt að samkvæmt stöðu stjarnanna var hún líklega í mars/apríl strákamamma;)

✉ Bstig | 14. febrúar '11, kl: 18:13:53 | Alls sótt: 0

Jú þú varst að strákamömmu - ég tróð mér bara inn í umræður ykkar því mér blöskraði döldið.

Og eins og strákamamma útskýrir hér að neðan er það óttaleg hræsni að blamma trúleysingja fyrir að "stela" kristnum jólum, þegar kristnin einmitt "stal" heiðnum jólum.

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 18:16:58 | Alls sótt: 0

hver er það segir að heiðni sé eldri en kristin trú..? engin halbær sönnu á hvorn veg sem er!

✉ sygyn | 14. febrúar '11, kl: 19:05:09 | Alls sótt: 0

Það er staðreynd að hátíðahöld á vetrarsólstöðum eru eldri heldur en kristni. Það er alveg kristaltært.

✉ vexenpexen | 14. febrúar '11, kl: 22:20:04 | Alls sótt: 0

svörin þín bera þess merki að þú sért að mjög illa upplýst um þessi mál. Það er fáránlegt að ráðast á eitthvað sem þú veist greinilega ekkert um.

óska eftir að kaupa vel með farna létta kerru

✉ cubid | 15. febrúar '11, kl: 15:14:34 | Alls sótt: 0

já það er rétt hjá þér!

✉ vexenpexen | 15. febrúar '11, kl: 09:59:28 | Alls sótt: 0

heldurðu að efasemdir og trúleysi séu tískufyrirbæri? Þróun mála hefur verið sú, síðustu aldir, að fólk sækir æ minna í trúabrögð og hnegist frekar til tilvistarhyggju eða vísindahyggju.

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 13:00:42 | Alls sótt: 0

og eitt sem ég lærði í mini trú er það að biðjast fyrirgefningar og fyrirgefa.. og það kostur sem margir ættu aðeins og hugsa um!! þú ert ekki einu sinni manneskja til að innleggjnu..

✉ Bstig | 14. febrúar '11, kl: 18:05:30 | Alls sótt: 0

Ertu að tala við mig? innleggjnu - meinardu upphaflegu spurningunni? Ég get náttúrulega ekki þ henni þar sem engin valmöguleiki passar mér. Spurningin er: Hvers vegna léstu skíra börnin þín? Og svar mitt er: Ég hef aldrei látið skíra barn.

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 18:24:34 | Alls sótt: 0

Nei ég var ekki að meina að þú hafir átt að upphafsinnleggjnu! heldur var ég að byðjast afsökunar ef ég hef verið dónaleg við þig.. og þú getur ekki einu sinni þ því heldur helduru bara áfram að rífa þig!

✉ Bstig | 14. febrúar '11, kl: 18:34:03 | Alls sótt: 0

Ég er nú voða lítið að rífa mig, og þurfti að hlaupa á ráðstefnu þegar þessi umræða var sem fjörugust í dag og þú greinilega að búast við einhverju svári frá mér. En mér finnst voða fyndið að biðjast afsökunar á að því vera dónaleg með að segja að einhver sé fáránlegur... en bæta svo við: Það er samt ***** að gera þetta! Þú ert ekkert minna dónaleg þótt þú notir stjörnur til að rakka niður ákvarðanir annarra.

✉ vexenpexen | 15. febrúar '11, kl: 10:00:37 | Alls sótt: 0

já ok, heldurðu þá kannski að þeir sem trúa ekki á neitt sérstakt skilji ekki konseptið fyrirgefning?

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:07:00 | Alls sótt: 0

nei prófaðu að skoða hvaðan páskaþeir koma.

strákamamma;)

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:07:53 | Alls sótt: 0

smá fyndið að þú talir um uppruna jóla og páska og ætlir þér að tengja hvort tveggja við kristni.

ég er nokkuð viss um að neðar hér í þessum þræði sé ansi góð útskýring á uppruna þessara hefða

strákamamma;)

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 13:18:08 | Alls sótt: 0

Kannski trúir þú bara öðru en ég!

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:31:30 | Alls sótt: 0

ég er ekkert að tala um neina trú, ég er að tala um sagnfræði og það sem sagnfræðin hefur sýnt okkur frammá um uppruna trúarbragðanna strákamamma;)

✉ vexenpexen | 15. febrúar '11, kl: 10:01:22 | Alls sótt: 0

það er munur á vísindum og trú, vísindi byggja á rannsóknum og tilraunum. sagnfræði er vísindi.

óska eftir að kaupa vel með farna létta kerru

✉ vexenpexen | 15. febrúar '11, kl: 09:57:49 | Alls sótt: 0

nei þetta er ekki trúarleg hátíð, lestu þér til kona.

óska eftir að kaupa vel með farna létta kerru

✉ sunnaax | 14. febrúar '11, kl: 13:34:22 | Alls sótt: 0

Þetta er alveg rétt hjá þér. En ég hugsaði þetta nú bara því ég hef talað við manneskju sem taldi sig vera að gefa barninu sínu val, með því að ala það upp í trúleysi og engri sérstakri fræðslu. Það er ekkert að því, en ég er bara ekki sammála því að það sé að gefa barninu sjálfu val. Auðvitað velurðu fyrir börnin þín upp að vissu marki, það er eðlilegast í heimi.

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:36:31 | Alls sótt: 0

ja...í vali felst eðlilega fræðsla, svo sú manneskja var kannski eitthvað ringluð á því hvað val í rauninni er.

strákamamma;)

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:37:11 | Alls sótt: 0

en svo er að vísu auðvitað líka sjónarmið að trúarbrögð eigi ekkert erindi við börn og að við sem fullorðin fólk eigum að verða okkur útum þá trúfæðslu sem við viljum og velja svo útfrá því hvað við viljum ef við viljum þá eitthvað.

strákamamma;)

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 13:43:37 | Alls sótt: 0

já og að því sögðu afhverju segist þú þá ræða trúarbrögð iðulega inná þínu heimili ;)

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:58:13 | Alls sótt: 0

því þau eru hluti af menningarsögu mannkynsins. Ég ræði alla sögu við börnin mín...hvort sem það er saga trúarbragðanna eða arkitektúrs, stríðsreksturs, menntamála eða jafnréttis....það eina sem ég hef ekki rætt við þau ennþá er allt sem tengist kynlífsiðnaði....geymi það lengur hehe. Það að ræða trú er ekki að segja "þetta er svona og svona" heldur td þegar maður ræðir grikki til forna að ræða þá að þeir voru framúrstefnulegir miðað við aðra á sama tíma því þeir trúðu því ekki að konungar væru heilagir eins og guðir... Svona staðreyndir.....í trúarlega sögulegu samhengi. Ég hef td fengið spurningu frá 8 ára syni mínum sem hljóar svona "hversvegna eru ekki allir sammála um að trúa á það sama" Getur rétt ímyndað þér umræðuna sem spannst útfrá því um uppruna trúarbragðanna, samskiptin í heiminum og menningarlegan arf.

strákamamma;)

✉ vexenpexen | 15. febrúar '11, kl: 10:02:47 | Alls sótt: 0

mér finnst mjög mikilvægt að veita fjölbætta fræðslu í trúarbrögðum. ræða þau öll og inntak þeirra, frekar en að taka ein út og tilheyra þeim.

óska eftir að kaupa vel með farna létta kerru

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 11:48:43 | Alls sótt: 0

Það er mitt val að ala mitt barn í trú.. jafn mikið val fyrir barnið að vera ekki alin upp í trú.. svo getur hún valið fyrir síög sjálf þegar hún hefur þroska til þess.. hún þarf ekkert að vera á sömu skoðunum og ég þótt ég hafi alið hana upp!!.. ég sagði líka að ég væri engin öfgatrú manneskja.. ég er allavega ennþá í þjóðkyrkjunni og á meðan ég er þar þá eru mín börn sem eru ennþá í minni umsjá líka í henni. Ég er alveg opin fyrir öðrum skoðunum manna um trúmál þótt ég sé ekki endilega sammála oftast er ég nú bara hlutlaus..

✉ xarax | 13. febrúar '11, kl: 14:13:37 | Alls sótt: 0

Dóttir mín er skírð hefðarinnar vegna. Ætlum líka að láta skíra bumbustelpuna, af sömu ástæðu. Þær munu hafa val í framtíðinni um hvort þær muni staðfesta skírningina með fermingu eða sleppa því.

Prinsessa fædd 15. maí 2009 og næsta kríli áætlað 12. mars 2011:)

✉ Mammastrumpur | 13. febrúar '11, kl: 14:21:25 | Alls sótt: 0

Við erum ekkert sérlega trúuð, en börnin okkar eru skírð vegna þess að þetta er hefð og hluti af okkar menningarafi, auk þess sem að okkur finnst þetta fallegt. Hvernig er það annars, þið sem skírið ekki börnin ykkar, haldið þið samt jól eða? Ef já, þá afhverju?

Stollt tveggja prinsu mamma :o)

♥ 8/6'07 og 28/9'08 ♥

✉ Bstíg | 13. febrúar '11, kl: 14:55:16 | Alls sótt: 0

Fer fólk ekkert að verða leitt á að spyrja trúleysingja þessarar steiktu spurningar: af hverju heldurðu jól?

✉ Bstíg | 13. febrúar '11, kl: 15:07:40 | Alls sótt: 0

Nei í alvöru - það má endilega frekar en mínusa. Nú er búið að margræða þetta mál á Barnalandi og alls staðar í samfélaginu. Jólin hafa kristna tengingu aðeins í huga sumra, í huga annarra hafa þau heiðna tengingu (enda upphaflega inntak jólanna að fagna hækkandi sól og kom kristinni trú ekkert við). En í hugum langflestra Íslendinga eru jólin einfaldlega samfélagshátíð sem snýst aðallega um samveru og að lyfta sér upp í mesta skammdeginu, en ekki um trúarbrögð. Skírningur er hinsvegar trúarathöfn sem hefur enga merkingu eða tilgang í hugum flestra trúleysingja (þótt mörgum þyki reyndar vænt um skírningina sem hefð). Skírningur og jól eru svo langt í frá sambærileg fyrirbæri.

✉ PostIt | 13. febrúar '11, kl: 15:14:04 | Alls sótt: 0

gæti ekki verið meira sammála!

✉ Mammastrumpur | 13. febrúar '11, kl: 15:24:14 | Alls sótt: 0

Nei ég verð ekkert leið á því.. Enda finnst mér þessi spurning alveg eiga rétt á sér. Ég hef aldrei heyrt að jól séu tengd öðru en kristinni trú. Hinsvegar er þetta orðin kaupbrjálæðis samfélagshátíð í dag. Ég kannski komin aðeins útúrdúr með þetta samt, svona í tengingu við upphafsinnlegg.. sorry ;o) (en mér finnst samt skírningur og jól vera sambærileg fyrirbæri þar sem að þau tengjast bæði kristinni trú..)

✉ Bstíg | 13. febrúar '11, kl: 15:45:54 | Alls sótt: 0

Kristin trú hefur djúp tengsl og víðtæk áhrif á okkar samfélag, það gerir líka t.d. ásatrú sem hér ríkti svo ósköp lengi. Afar margar samfélagshefðir hafa einhvers konar tengsl við einhver trúarbrögð - stundum blöndu af trúarbrögðum - en yfirleitt eru hefðir jafn tengdar allt öðrum hlutum sem tengjast ekki trúarbrögðum. S.s. jólin.

Skírn er hinsvegar eingöngu kristin athöfn. Að skíra barn snýst í stuttu máli um að vígja barn inn í kirkju kristis, og að tryggja því himnavist eftir dauðann. Ég held jól af ýmsum ástæðum - engin þeirra er tengd trúarbrögðum. Mín jól eru ekki heldur tengd miklu kaupbrjáæði - heldur snúast þau um að eiga góðar stundir með vinum og ættingjum, skreyta fallega í kringum sig, hlusta á öðruvísi tónlist en venjulega, borða góðan mat, gleðja mig og mína, hugsa sérstaklega til þeirra sem minna mega sín, og bara að njóta lífsins og láta gott af sér leiða. Hins vegar er enginn tilgangur með skírn annar en trúarlegur, svo fyrir t.d. mig sem ekki tilheyrir trúarhópi væri hreinilega steikt að láta skíra barnið mitt. Eins og ef ég setti dóttur mína í búrku bara upp á grínið.

✉ Mammastrumpur | 13. febrúar '11, kl: 16:18:18 | Alls sótt: 0

Já, ég veit ekki... Ég virði alveg þína skoðun, en ég er ekki sammála. Mér finnst bara alveg jafn sjálfsagt að skíra einsog að halda jól. Þetta er hluti af okkar menningararf. Að klæða barnið í búrku væri hinsvegar annað mál, þar sem að það tengist ekkert íslenskri menningu. Annað mál væri ef barnið ætti einhverja tengingu við íslamska trú. Þú verður að afsaka mig ef ég svona fáfróð, en ég hef aldrei á minni nærri 30 ára æfi heyrt það að jólin tengist öðru en kristinni trú! Án gríns! Og ég er samt ekkert súper trúuð neitt. Hvernig er þá með páskana? Og hvítasunnu? By the way, enginn æsingur hérna megin. Finnst bara athyggjilisvert að viðra þetta málefni aðeins ;o)

✉ sygyn | 13. febrúar '11, kl: 16:49:20 | Alls sótt: 0

Páskarnir eru í grunninn heiðin vor- og frjósemishátíð. Enska orðið Easter er dregið af heiti germanskrar frjósemisgyðju sem hér Oestere (man ekki alveg hvernig það er skrifað) en páskarnir eru hennar hátíð. Einnig má sjá af hinum ýmsu hefðum sem tengjast páskunum að hér er um vor- og frjósemishátíð að ræða, t.d. kanínur og egg (sem eru klassíks tákni um frjósemi) og páskaungar, greinar með nýja brum og blóm. Allt þetta er hluti af hinni heiðnu vorhátíð sem haldin var hér í evrópu áður en kristnin kom. Amk. hefur engin getað bent á hvað egg og kanínur hafa að gera með krossfestingu og það allt saman. Hvítasunnan hittir svo nánast á vorjafndægur þegar dagur og nótt eru jafn löng, þannig að ég myndi giska á að sú hátíð sé þaðan komin. Og bara til að benda þér á varðandi jólin að þá er það sagnfræðilega viðurkennd staðreynd að á frumdögum kristninnar í Rómaveldi var fæðingardagur Jesú fluttur til samræmis við fæðingardag Míþra en Míþratrú var helst keppinautur kristninnar á þeim tíma. Ef við trúum því sem stendur í biblíunni varðandi fæðingarsöguna þá hafa stjarnfræðingar sýnt fram á að þær stjörnur sem þar eru nefndar voru ekki sýnilegar á himninum í desember á þessum tíma og á þessum stað. Samkvæmt stöðu stjarnanna hefði hann því átt að fæðast í mars eða apríl minnir mig. Og orðið sjálft, jól, er komið úr forn germönsku og er talið vera komið frá sama stofni og orðið hjól sem vísar til árshringsins og að áramótin hafi verið á vetrarsólstöðum, þ.e. í kringum 20. des. Bara svona fyrst þú hafðir ekki minnst á þetta fyrr :o)

✉ Bstígr | 13. febrúar '11, kl: 16:52:16 | Alls sótt: 0

Enginn æsingur hér heldur - finnst bara stórmerkilegt að Íslendingur þekki einungis kristin tengsl jólanna. :) Vetrarsólstöður eru í kringum jólin - sá dagur er allra stysti dagur ársins og upp frá því

fer daginn að lengja aftur. Upphaflega voru jólin því haldin til að fagna því að nú færi að stytast í lok vetrarins (sem var auðvitað mikið gleðiefni í gamla daga). Jólin voru mikil hátíð á Íslandi á meðan hér ríkti ásatrú og fáir kristnir. Þá voru haldnar miklar og langar jólablótveislur - með áti, drykkju, dansi og söng. Í raun svipað og jólin í dag (mínus að fórna húsdýrum og þrælum). Þegar alls kyns trúarbrögð fóru að blandast og taka við hvert af öðru, gerðist það á endanum að helsta hátíðarefni kristinna manna var fært yfir á sama tíma og þessi gamla sólstöðuhátíð. Fólki er aldeilis velkomið að trú á fæðingu Jesú og allt það, en það er klárt mál að jólin sem slík voru haldin hátíðleg löngu áður en Íslendingar höfðu heyrt um Betlehem og vitringa. :) Sumir halda í þennan heiðna uppruna jólanna, aðrir í hinn kristna. Hjá flestum í kringum mig er hins vegar lítið um blót eða kirkjuferðir á jólnum - heldur fyrst og fremst gleði og frið eins og ég skrifaði áðan. Það er fyrir mér inntak jólanna og kemur hvorugri trúnni við. Að skíra börn er ekki hluti af mínum persónulega menningararfi, þótt ansi margir Íslendingar hafi stundað þá athöfn síðustu áratugi. Skírn er eingöngu hluti af mínu umhverfi, en hefur ekki nokkra merkingu í mínum huga. Eins og ef ég flytti til Afganistan þætti mér ekki skyndilega sjálfsagt að hoppa í búrku. Sú hefð yrði ekki allt í einu hluti af minni persónulegu menningu og hugsun, hún tilheyrði eingöngu umhverfinu í kringum mig. Þau sem vilja láta skíra börnin sín eiga að sjálfsögðu að gera það með gleði, en við hin sem sjáum ekki nokkurn tilgang í því eigum að fá að sleppa því í friði. Ég er þegar farin að skipuleggja stóra nafnaveislu míns ófædda barns - það verður sko þokkalega haldið upp á komu þess krílis og nafnið þess. En ekki með neinni trúarlegri tengingu, enda væri það bara skrýtið. Ef ég ði presti: já ég lofa að ala þetta barn upp í kærleika krists... myndu allir viðstaddir springa úr hlátri þar sem það væri augljóslega lygi. Og að ljúga yfir höfði barnsins míns finnst mér ekki spennandi tilhugsun. En páskarnir hafa eingöngu kristna tengingu (svo ég viti til allavega).

✉ Bstig | 13. febrúar '11, kl: 16:54:42 | Alls sótt: 0

Sorry, Sygyn veit greinilega miklu meira um páskana en ég. Enda meikar það sens að páskarnir séu heiðin hátíð á sama hátt og jól, þar sem þeir eru haldnir um vorjafndægur.

✉ Mammastrumpur | 13. febrúar '11, kl: 18:23:20 | Alls sótt: 0

Jahérna, það er aldeilis fróðleikurinn á góðum sunnudegi! :o) Nei ég vissi þetta ekki, enda alin upp í sviþjóð og lærði lítið sem ekkert um ásatrú nema þá um Valhöll, Þór, Óðinn og svo framvegis. Gaman að þessu! Takk fyrir mig. Held samt að ég muni halda mér við það að skíra mín börn.

✉ Xin | 13. febrúar '11, kl: 20:34:27 | Alls sótt: 0

og enn bara til gamans þá er eitt heiti Óðins Jólnir

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:33:34 | Alls sótt: 0

Það er samt ekki 24 des.. heldur 21-22 afhverju heldur fólk ekki jólin þá sem er að fagna því?

✉ Bstig | 14. febrúar '11, kl: 12:36:34 | Alls sótt: 0

Kannski gera þau það - ég barasta þekki engan í ásatrúarfélaginu til að spyrja hvernig þau halda jól.

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:43:55 | Alls sótt: 0

Þekki engan þar heldur.. En þú varst að segja að jólin væru ekki bara til að fagna því að Jesús fæddist.. heldur líka að sólin færi að hækka á lofti.. ef þú trúir því ekki heldur.. afhvejru helduru þá jól?

✉ Bstígr | 14. febrúar '11, kl: 12:50:30 | Alls sótt: 0

Ég hækka ekki fagnandi sól á jólinum frekar en fæðingu Jesús, ég sagði að sumt fólk gerði það. Mín jól eru skilgreind þarna margoft fyrir ofan - þau eru samfélagshátíð og snúast um samveru við fólkíð mitt og gleðistundir í mesta vetrarmyrkrinu.

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:55:53 | Alls sótt: 0

Og upphaflega var jólahátíðin haldin 24 des í kristinni trú.. svo ef hún hefði aldrei verið til þá væri kannski jólin þín á annari dagsetningu.. það er það sem ég er að meina!

✉ Bstígr | 14. febrúar '11, kl: 12:57:39 | Alls sótt: 0

Haha þetta á auðvitað að vera fagna ekki hækandi sól (þótt hitt hljómi líka töff).

✉ sygyn | 14. febrúar '11, kl: 13:06:37 | Alls sótt: 0

Af því að vetrarsólstöðurnar færast lítillega milli ára, og fyrir um 1800 árum þegar þessi hátíð kristinnar var ákveðin voru vetrarsólstöðurnar 25. des.

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:10:31 | Alls sótt: 0

held bara að þetta hafi runnið saman, ég þekki samt marga sem koma saman og gera sér glaðan dag akkúrat á vetrarsólstöðum og fagna svo tilkomu ljósins og lengjandi degi með því að fagna jólum

strákamaman;)

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 08:17:04 | Alls sótt: 0

farðu á bóksafn og fáðu bók um upphaf jóllanna.

strákamaman;)

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:35:19 | Alls sótt: 0

ég held að sagan um Jesús krist sé nokkuð mikið eldri en ásatrú/heiðni sem Íslendingar voru/eru.. við erum ekki svo gamall land á miðað við önnur lönd. held að þú ættir nú að kíkja í bækurnar líka

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:12:43 | Alls sótt: 0

Heiðnir siðir eru ÆVA gamlir, það að vera heiðingi hefur oft verið notað yfir allt fólk sem ekki er kristið og í flestum menningarsamfélugum í gegnum árin hefur verið einhverskonar örðuhvoru megin við áramót. Það er ekkert nýtt í kristi....ALLT úr kristni er tekið uppúr öðrum trúarbrögðum

strákamaman;)

✉ sygyn | 14. febrúar '11, kl: 13:13:10 | Alls sótt: 0

Reyndar er ásatrúin eldri heldur en 2000 ára gömul en þau voru stunduð á norðurlöndum og norður-evrópu löngu áður en Jesús á að hafa verið uppi. Til eru t.d. steinristur sem sýna menn hengda í tré til fórnar Óðni sem eru eldri en 2000 ára sem hrekur kenninguna um að sagan af sjálfsfórni Óðins sé stæling á krossfestingu Jesús. Hinsvegar má færa rök fyrir því að sagan um Jesús sé eldri enda hafa margir bent á að goðsögnin um Jesús og líf hans, eins og hún birtist í bíblíunni sé samansafn af algengum goðsagnamínum frá botni miðjarðarhafs þannig að jú, hún gæti verið eldri en ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hana. Einnig hafa sumir bent á að Jesús sé aðeins enn einn sólarguðinn, eins og Mýþra og Hórus sem líka voru fæddir af meyju á vetrarsólstöðum...eins og sólin sem "endurfæðist" hver jól. :o)

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:17:20 | Alls sótt: 0

nkl allt sem ég nennti ekki að skrifa
strákamamma;)

✉📧sygyn | 14. febrúar '11, kl: 17:58:55 | Alls sótt: 0

:o)

✉📧cubid | 14. febrúar '11, kl: 13:20:53 | Alls sótt: 0

Já og þetta eru bara önnur trúarbrögð ekki satt? eins og þú nefnir má færa rök fyrir ýmsu.. eftir því hverju þú trúir :) En þú heldur aldrei jól/páska af því bara

■

✉📧strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:32:09 | Alls sótt: 0

er ekki fullt af fólki sem lætur skíra börnin sín af því bara....því það er hefð?
strákamamma;)

✉📧cubid | 14. febrúar '11, kl: 13:42:07 | Alls sótt: 0

ég gerði það allavega ekki.. og þekki engan sem er ekki í Þjóðkirkjunni sem skírir sín börn.

✉📧strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:47:59 | Alls sótt: 0

nei en fullt af fólki er í Þjóðkirkjunni bara því það var skírt sem ungabörn og skráð í trúfélag móður, mæta í fermingar, skírni, brúðkaup og jaraðarfarir, jafnvel lætur skíra börnin sín og giftir sig í kirkju en rækir ekkert trúna sína... Hangir samt alltaf í Þjóðkirkjunni þrátt fyrir það. Könnun framkvæmd fyrir alls ekki svo löngu sem ég nenni ekki að finna sýndi frammá að meiri hluti þeirra sem eru í Þjóðkirkjunni geta í raun ekki talist kristnir því þeir trúa ekki því sem trúin boðar. (sköpunarsagan, örkin hans nóa, kane og abel, móses, upprisa eftir dauðann, alvaldur faðir á hinum, jómfrúrfæðing...)

strákamamma;)

✉📧cubid | 14. febrúar '11, kl: 14:17:43 | Alls sótt: 0

en þau eru engu að síður skráð í Þjóðkirkjuna. ég get ekki þ fyrir aðra en ég get þ fyrir mig..! Og það var nkl það sem ég er búin að vera að gera allan tímann.. ég er skráð í Þjóðkirkjuna og skíri þessvegna börnin mín :) og ég iðka trúna á minn hátt.. ég syng ekki halelúja á hverjum degi en ég hef þetta bara fyrir mig.. hvort sem þér finnst það "fyndið" eða ekki

✉📧cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:32:27 | Alls sótt: 0

afhverju er verið að mínusa þig? við erum greinilega ekki í trúleysingja tískunni ;)

✉📧cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:30:58 | Alls sótt: 0

afhverju helduru ekki jólin þá á sumrin? afhverju geriru það 24 des eins og kristin trú segir til um? það eru ekki jól allstaðar í heiminum 24 des eins og hjá þeim Þjóðum sem eru kristin..

✉📧Bstig | 14. febrúar '11, kl: 12:38:23 | Alls sótt: 0

Á sumrin? Hvað meinarðu - jólahátíðin er í enda desember og hefur alltaf verið það...

✉📧cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:41:29 | Alls sótt: 0

samkvæmt hverjum? kristinni trú!! HALLÓÓÓ!!!

✉📧Bstig | 14. febrúar '11, kl: 12:52:46 | Alls sótt: 0

Lastu ekkert af svörum fyrir ofan? Þegar upprunalega merking jóla var útskýrð? Náttúrutengd trúarbrögð til forna fögnuðu vetrarsólstöðum - sem eru í desember en ekki á sumrin.

Opnaðu nú hugann og gagnaðu fjölbreytileika mannsins. Það er svo gaman.

✉📧cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:53:44 | Alls sótt: 0

sumarsólstöður er á sumrin :) var heldur ekki að miena þetta þanni.. lestu líka innleggin
✉ Bstí | 14. febrúar '11, kl: 12:57:00 | Alls sótt: 0

En sumarsólstöður og vetrarsólstöður eru sitthvor hluturinn, þarf ekkert að blanda þeim hátíðum saman.

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:58:00 | Alls sótt: 0

hahaha. þú getur bara ekki hætt!

✉ Bstí | 14. febrúar '11, kl: 18:09:35 | Alls sótt: 0

Nei ég á þínu erfitt með að draga úr umræðum þegar fólk bullar svona óskaplega - þá gætirðu haldið að svörin þín væru nógu góð til að binda endi á umræðuna. :)

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 18:15:25 | Alls sótt: 0

Það var ekki það semég átti við.. heldur sé ég ekki tilganginn með þessu tauti framm og til baka

✉ Bstí | 14. febrúar '11, kl: 18:20:54 | Alls sótt: 0

Mig bara langar svo mikið að þú skiljir málið fyrst við erum á annað borð byrjaðar að ræða þetta: Jólin voru/eru í heiðni haldin vegna vetrarsólstaða. Ekkert flóknara en það og kemur hvorki jesú né sumarsólstöðum við.

✉ háemm | 13. febrúar '11, kl: 15:05:49 | Alls sótt: 0

það að skíra ekki en halda samt jól er ekkert tengt. skírn er e-ð sem mér finnst að barnið mitt eigi að hafa val um þegar það hefur vit á. jólin koma því ekkert við..

✉ smusmu | 13. febrúar '11, kl: 15:15:05 | Alls sótt: 0

Ég held jól já, enda er ég ekki að gefa nein trúarleg loforð með því að fagna jólum. Ég held jól því mig langar það. Mér finnst gott að borða góðan mat, gefa gjafir og hafa það gott með fjölskyldunni

✉ Felis | 13. febrúar '11, kl: 15:30:14 | Alls sótt: 0

sonur minn var skírður vegna þess að pabbi hans vildi láta gera það því að hann kemur úr frekar trúaðri fjölskyldu.

Ég er ekki trúuð, er bara svona efasemdamanneskja, en ég sé bara ekki neinn skaða af því að skíra barnið - sérstaklega þar sem að ég vissi að það myndi gleðja ættingjana.

✉ klokkeblomst | 13. febrúar '11, kl: 16:47:29 | Alls sótt: 0

Mín börn eru skírð hefðarinnar vegna og ég vil gifta mig í kirkju (en karlinn væri til í sýsla) þrátt fyrir að vera ekkert sérstaklega trúuð.

✉ genie | 13. febrúar '11, kl: 20:10:25 | Alls sótt: 0

ekkert ofantalið.. get ekki sagt að við seúm trúuð, en mér finnst skín falleg athöfn til að fagna og bjóða barnið velkomið, það er ekkert svart og hvítt í þessum heimi og vil ég taka þann fallega boðskap sem skírnin er og fagna tilkomu krílisins, þótt svo ég trúi ekki á Guð þá þýðir ekki að ég get ekki tileinkað mér þessa athöfn og fleiri erindi úr kristinni trú , ég trúi t.d. að Jesu hafi verið uppi þótt svo ég trúi ekki að hans sé sonur Guðs ;)

✉ mararbla | 13. febrúar '11, kl: 20:25:48 | Alls sótt: 0

Í rauninni ekkert af ofantöldu en samt líka allt. Ég er úr trúaðri fjölskyldu og held fast í barnatrúna mína sem mér finnst falleg og hrein. Mér finnst þetta falleg athöfn til að bjóða barnið velkomið, gaman að hafa tilefni til að fá stórfjölskylduna saman, og þetta gleður fjölskyldurnar. Maðurinn minn er ekki trúaður en virðir skoðanir mínar rétt eins og ég hans. Sonur okkar fær svo að sjálfsögðu að velja hvort hann ákveði að staðfesta skírnina þegar að því kemur og verður alinn upp með fræðslu um mismunandi trúarbrögð og trúleysi.

✉ lamaz | 13. febrúar '11, kl: 20:45:25 | Alls sótt: 0

Ég lét skíra bæði börnin mín af trúarlegum ástæðum. Við erum bæði kristinnar trúar og höldum í okkar barnatrú. Mér finnst skírinn falleg athöfn og mikilvægur þáttur í okkar lífi.

✉ JungleDrum | 13. febrúar '11, kl: 20:49:47 | Alls sótt: 0

Annað - lét ekki skíra barnið mitt vegna skorts á trúarlegum ástæðum.

✉ Hrund 2 | 13. febrúar '11, kl: 22:21:24 | Alls sótt: 0

Ég lét ekki skíra mín börn, enda trú í því ekki, EF til er einhverskonar framhaldslíf að maður þurfi að hafa undirgengist sérstaka athöfn til að eiga inngöngu ;) Mér finnst sjálfsagt að fólk skrír börnin sín en það verður þó allavega að vita hvað það er að gera og hvers vegna :) Og hvað varðar flestar hátíðir, t.d. jólin þá hef ég ekki orðið mikið vör við að það sé mikið tengt kristninni, mest áberandi þykir mér vera -- jólasveinar, jólatré, glingur og gjafir (allt ætlað til skemmtunar og gleði í svartasta skammdeginu) :

✉ strumpulina | 14. febrúar '11, kl: 01:20:55 | Alls sótt: 0

Mín börn eru öll nefnd, gerðum það bara heima í kringum nánustu ættingja. Okkur finnst bara að börnin eigi að fá eitthvað um það að segja hvað þau vilja :/ En hvað varðar jól og svofr. þá finnst mér það ekkert endilega bara koma kristni við frekar en annað..

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:39:25 | Alls sótt: 0

Boðskapur jólanna er samt sá sami og hann var í upphafi þegar fólk átti ekki pening til að gefa gjafir en var samt kannski með jólatré og kveikti á kertum.. þetta hefur bara þróast soldið mikið

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 08:14:49 | Alls sótt: 0

mín yngri tvö eru ekki skírð....eldri tvö voru það en ég skráði þá úr þjóðkirkjunni 1.5 ára og 3 ára.

strákamamma;)

✉ Apotek | 14. febrúar '11, kl: 10:22:12 | Alls sótt: 0

Við létum skíra af trúarástæðum. Mér finnst mjög eðlilegt að velja trú fyrir barn rétt eins og ég vel nafn og ég vel að kenna því ýmslegt. Ég bið bænir með börnunum mínum og kenni þeim um Guð og Jesú en ég kenni þeim líka um önnur trúarbrögð og þegar þau eru orðin eldri mega þau alveg skipta. Þau vita að það eru önnur trúarbrögð til og okkar fjölskylda aðhyllist kristni trú.

✉ lil mama | 14. febrúar '11, kl: 11:11:46 | Alls sótt: 0

Mín er skírð og næsta mun líka verða skírt. Persónulega finnst mér ég verða að ákveða þetta fyrir börnin sjálf þegar þau eru svona ung. Þetta er mín trú og þessvegna læt ég skíra mín börn. Ég mun samt koma til með að kynna fyrir þeim önnur trúarbrögð, enda get ég ekki valið fyrir þau hvort þau vilja vera kristin eða ekki. Mér finnst td. fermingin vera eitthvað sem þau velja sjálf. Mér finnst td. margir bara fermast útaf pökkunum. enda ekki skrítið að vera 13-14 ára og geta fengið fuullt af pökkum. Sama hvernig mín börn munu taka á þessu, trú eða trú ekki, fermast eða ekki, þá mun ég elska þau einsog þau eru.

Ég td. trú í því líka ekkert endilega að jesú kristur hafi verið uppi. En ég trú á guð, sem sagt eitthvern æðri okkur öllum, ég er búin að kynna mér öll trúarbrögð fyrir löngu

og í raun snúast þau öll um þetta æðra vald sem er yfir öllum. Svo ég er kristin því mer finnst það meika mest sens.

Stúlkubarn 2008

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 12:01:03 | Alls sótt: 0

en þú veist að maður má alveg trúa á æðri mátt án þess að aðhyllast einhver trúarbrögð.

Trú og trúarbrögð eru ekki það sama. Mín börn fá ekki að fermast, enda er rugl að ætla 13-14 ára unglingum að taka ákvörðun um trúarbrögð, trúarbrögð eru tilbúin þörf, búin til af fullorðnum fyrir fullorðna

strákamamma;)

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:37:22 | Alls sótt: 0

Það eru samt fullt af börnum sem fermast þótt þau séu ekki í söfnuði.. ég var steinhissa þegar ég heyrði að það væri verið að ferma börn borgaralega.. til hvers ef einhver er svo fróður má hann sá sami alveg gefa sig framm og útskýra það..

✉ Bstíg | 14. febrúar '11, kl: 12:55:46 | Alls sótt: 0

Latneska orðið yfir að fermast þýðir í raun að staðfesta - og hefur verið notað í ýmsum skilningi í gegnum árin. Kristin ferming snýst um að staðfesta skírnaheitið, borgaraleg ferming snýst um að staðfesta þá ákvörðun að vera ábyrgur borgari í samfélaginu.

✉ cubid | 14. febrúar '11, kl: 12:56:28 | Alls sótt: 0

ok takk fyrir þetta :)

✉ strákamamma | 14. febrúar '11, kl: 13:14:01 | Alls sótt: 0

hefuru skoðað hvað felst í borgaralegum fermingum? Það er í rauninni MIKIÐ nýtilegru ferming en sú kirkjulega því þar fara börnin á siðfræðinámskeið og eru frædd um borgaralegar og samfélagslegar skyldur sínar til sjálfs síns og annarra.

strákamamma;)

✉ summergirl | 14. febrúar '11, kl: 19:45:47 | Alls sótt: 0

WOW ég er nú ekki búin að lesa öll innlegginn en vil skjóta þínu inn í. Ég er kristinnar trúa og maðurinn minn er muslimi við eigum von á barni og munum við ala barnið upp í báðum trúum og kenna því bænir kristinar og muslima siði. vera opin fyrir öðrum því það eru ekki allir eins og þú sjálfur. þegar það er orðið nóu þroskað og komin með skilning þá munum við styðja þá ákvörðun sem það tekur fyrir sjálfan sig. þar með mun ég ekki skíra barnið þar sem mér finnst það vera kristnilegur siður. einsog það mun ekki umskera ef það verður strákur þar sem það er muslimskur siður. takk takk

✉ lil mama | 14. febrúar '11, kl: 22:57:31 | Alls sótt: 0

þú semsagt bannar börnunum þínum að fermast ?? =o Nei ég veit vel að þetta er ekki það sama, en svona kýs ég að hafa þetta. Ég er kristin, ég tel mig samt ekki þurfa að biðja til guðs eða mæta í kirkju, því jú það er sagt að 'guð' er allstaðar og því þá að fara á eitthvern x stað tilað tala við hann ? og þetta með ferminguna, Hvað ætli margir taki þetta alvarlega ?? Ég allavega fermdist tilað fá pakka og ég efast um að ég hafi verið sú eina. Það er ekki einsog ég sé með stimpil á mér. : ÉG ER FERMD, ÉG TRÚÍ Á JESÚ KRIST:

✉ strákamamma | 15. febrúar '11, kl: 13:56:20 | Alls sótt: 0

já...mér dettur ekki til hugar að láta 13-14 ára börn skrá sig í trúfélag þegar þau hafa engan möguleika á því að gera sér grein fyrir því hvað það er sem þau eru að jástast. Finnst það alveg fáránlegt, eiginlega lykta af því að kirkjan vilji ferma krakkana sem yngsta áður en þau eru nógu gömul til þess að hafa gagnrýna hugsun á því sem þau hafa veirð mötuð á frá unga aldri
strákamamma;)

✉ LoveIsAllYouNeed | 14. febrúar '11, kl: 22:21:51 | Alls sótt: 0

Fallegt, hreint, yndislegt finnst mér eiginlega bara:)

✉ CandyGrl | 15. febrúar '11, kl: 08:51:10 | Alls sótt: 0

Ég skírði af félagslegum ástæðum.. í kirkju að því að maðurinn minn vill það.. ég er ekki í þjóðkirkjunni sjálf, ólst samt upp við kristna trú, mætti í sunnudaga skóla sem barn og fermdist.. En það var alltaf eitthvað inna með mér sem hafði festu á að þetta væri ekki alveg það sem ég trúði á.. Enda skráði ég mig úr þjóðkirkjunni og er utan trúfélaga..

Mér finnst að börn eigi að fá að velja.. þau geta valið þótt þau séu skírð eða ekki! svo mér finnst skírn ekkert endilega vera það að maður sé að ákveða trú fyrir börnin sín.. Mér er sama þótt að barnið mitt fermist og skírist ákveði svo að skrá sig úr þjóðkirkjunni enda hafa börn kannski ekki þroskan til þess að ákveða svona á þessum aldri..

ég ýti ekki kristni að barninu mínu og ætla ekki að gera það! Það fær svar við þeim spurningum sem það vill fá svar við og fær að gera það sem það vil í kringum kirkjuna og annað.. ég vil að barnið mitt ákveði þetta alveg sjálf!

✉ CannedRainbow | 15. febrúar '11, kl: 12:06:58 | Alls sótt: 0

Svo að börnin mín væru skírð til kristinar trúar og ekki "up for grabs" fyrir mormónatrú. Tengdamamma mín er mormóni og ég vil alls ekki að börnin mín gangi í þann söfnuð. Þess vegna vildi ég frekar taka skýra afstöðu til þessa efnis með því að láta skíra börnin mín - en ekki taka passíva afstöðu með því að láta bara nefna.

✉ LoveIsAllYouNeed | 15. febrúar '11, kl: 13:51:13 | Alls sótt: 0

Ég skil ekki þetta "ég vil ekki taka ákvarðanir fyrir barnið mitt" Við erum forráðamenn þeirra til 18 ára aldurs. Við ákveðum ALLT annað fyrir þau sem börn... Afhverju er skírmin svona heilög til ákvarðanatöku fyrir foreldri? Það er ekki þar með sagt að börnin megi ekki ákveða svo sjálf hvað þau vilja gera í sambandi við trúmálin síðar meir þegar þau EINMITT fara ráða sér sjálf. finnst þetta STUNDUM svo uppblásið og ýkt þetta dæmi hjá foreldrum sem vilja bara nefna..bara stælar oft á tíðum.

✉ strákamamma | 15. febrúar '11, kl: 13:57:56 | Alls sótt: 0

ég sé engan tala um að vilja ekki taka neinar ákvarðanir fyrir barnið sitt...maður bara kannski reynir að gera barninu ekki upp skoðanir, svona eins og að maður skráir þau ekki í stjórnmalaflokk, sama ætti að gilda um trúflokka
strákamamma;)

✉ LoveIsAllYouNeed | 15. febrúar '11, kl: 14:06:33 | Alls sótt: 0

já ég hef ekki lesið yfir öll kommentin hérna, en hef séð áður svona umræður og heyrt í fólki sem segja þetta. "þetta á ekki að vera foreldrana að ákveða heldur barnsins" En mér finnst ekki alveg sama að bera saman skírn og skráningu í stjórnmalaflokk. En það eru svo margar misjafnar skoðanir á þessu eins og sést:) Best að dæma ekki neitt. .

✉ Big Bird | 15. febrúar '11, kl: 14:50:03 | Alls sótt: 0

Vá hvað þið getið tuðað.

✉ Jolly | 15. febrúar '11, kl: 15:39:33 | Alls sótt: 0

Nennti ekki að lesa þetta allt en hér kemur mín sýn. Skírniin er fyrir mér skemmtileg hefð í kristnu samfélagi, og ekkert möst. Ástæðan fyrir því að ég vil kynna barninu mínu fyrir kristinni trú er sú að ég og mín fjölskylda höfum orðið fyrir miklum áföllum og það bjargaði manni alveg að fá hjálp frá þjóðkirkjunni og geta notað það sem manni hafði verið kennt. Ég vil að barnið mitt geti það líka. Ég ætla samt ekkert að telja barninu mínu trú um það að biblían sé heilagur sannleikur enda hef ég ekki hugmynd um það sjálf. En gildin finnst mér falleg.

✉ singal7 | 15. febrúar '11, kl: 20:29:05 | Alls sótt: 0

Ég lét skíra mín börn, 2 í kirkju og 1 í heimahúsi. Ekki endilega af trúarástæðu heldur því mig langaði að fá fjölskylduna saman og samgleðjast okkur.

✉ PostIt | 15. febrúar '11, kl: 20:36:59 | Alls sótt: 0

Ég er sjálf trúlaus og skírði ekki mitt barn. Mín skoðun er sú, að ef fólk ER trúað og ÆTLAR að ala börnin sín upp í kristinni trú (fara í sunnudagaskólann, biðja bænirnar, lesa Biblíuna, og það allt), þá sé svosem í lagi að skíra barnið sitt. Ég er ekkert sérstaklega hrifin af því, en get samt borið virðingu fyrir því að fólk sé samkvæmt sínum skoðunum. Það þegar fólk er hins vegar að skíra börnin sín bara "af því bara", bara til að fá gjafir og halda veislu, þá á ég afskaplega erfitt með að bera virðingu fyrir því og finnst það eiginlega bara lélegt! Skírni er EKKI menningarleg athöfn, heldur er hún 100% kristin athöfn. Mér finnst líka bara óvirðing við kristnina að skíra börn þegar enginn hugur er á bakvið.

Allt efni í viðauka 2 er tekið beint af vefnum, engu breytt þrátt fyrir augljósar innsláttar- og málfræðivillur.

Viðauki 3: Staðfesting á samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar

Númer: 4 Ár: 2009

V. Skírn

Heilög skírn

Sakramenti evangelísk-lúterskrar kirkju eru tvö, skírn og kvöldmáltíð. Sakramenti eru fyrirheit Drottins um fyrirgefningu, líf og sáluhjálp, bundin jarðneskum táknum. Skírnin er heilög athöfn sem Jesús Kristur hefur stofnað og heitir návist sinni og náð. Skírn er ætíð í vatni og í nafni föður og sonar og heilags anda. Í skírninni endurfæðist maðurinn fyrir vatn og heilagan anda inn í ríki Guðs þar sem er fyrirgefning syndanna, líf og sáluhjálp.

Skírnin gerist í eitt skipti fyrir öll. Þríeinn Guð tekur oss í samfélag sitt og leiðir inn í ríki sitt og söfnuð kirkju sinnar. Þess vegna fer skírnin ætíð fram í kristnum söfnuði, hvort heldur hún fer fram í kirkju, heimahúsi eða á sjúkrastofnun. Presturinn og guðfeðgin, skírnarvottar, eru fulltrúar samfélags heilagrar, almennrar kirkju og ábyrg fyrir því að barnið fræðist um Jesú Krist og fagnaðarerindi hans.

Skírnarathöfnin er öðrum þræði þakkargjörð fyrir lífið og bæn fyrir barninu og heimili þess. Barnsskírnin er dýrmætur tengiliður milli Þjóðkirkjunnar og heimilanna. Skírnin markar lífsleið manns. Dag hvern fær hinn skírði að lifa í skírn sinni og ganga gegnum dauða til lífs, frá helsi til frelsis. Fyrir skírnina öðlast maðurinn náð Guðs sem ber gegnum líf og dauða til eilífs lífs.

Hlutverk kirkjunnar er að ná til allra með tilboð Krists um skírn í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda, fræðslu um það sem Kristur hefur kennt, og vitund um návist hans alla daga allt til enda veraldar. Það er verkefni sóknarinnar að sjá til þess að skírðir séu fræddir í grundvallaratriðum kristinnar trúar og leiddir inn í samfélag trúarinnar. Fermingin er mikilvægur þáttur í því.

Skírnarathöfnin

1. Skírt er í nafni föður og sonar og heilags anda, í hreinu vatni. Vatni er ausið þrisvar yfir höfuð skírnarþega um leið og nafn hans er nefnt. Þjóðkirkjan viðurkennir hverja skírn sem þannig er framkvæmd og eins niðurdýfingarskírn sé hún framkvæmd í nafni heilagrar þrenningar.
2. Skíra skal barn ef þess er óskað af foreldri eða forsjáraðila, sem þar með tekst á hendur ábyrgð á því að barnið sé alið upp í kristinni trú.
3. Foreldrar sem hafa sameiginlega forsjá barns taka ákvörðun sameiginlega um skírn. Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Hafi barn náð 12 ára aldri skal leita álits þess.
4. Prestur sem skírir skal ætíð ræða við foreldra (forsjáraðila) barnsins fyrir athöfnina og fara yfir skírnarathöfnina og merkingu hennar.
5. Skírn er í eitt skipti fyrir öll og verður ekki endurtekin.
6. Fullvaxinn einstakling má skíra ef hann hefur ekki verið skírður áður en óskar þess að skírast til kristinnar trúar og vill lifa í kristnum söfnuði í samfélagi við Jesú Krist. Skírn fulltíða manns skal jafnan undirbúin með fræðslu um grundvallarþætti kristinnar trúar og siðar.

7. Fylgt skal atferli Handbókar kirkjunnar nema þegar um skemmri skírni er að ræða (sjá 10.-11. gr. hér að neðan).
8. Þjónandi prestur Þjóðkirkjunnar annast skírni. Skírni sem aðrir vígðir prestar (prestar sem ekki eru í embætti) annast skal vera á ábyrgð og í umboði sóknarprests sem sér til þess að færa hana til bókar og gera skýrslu um hana til Þjóðskrár.
9. Skírnavatni skal hellt í mold eða kirkjugrunn eftir notkun, aldrei í niðurfall.